

Innflytjendur og menning:

Geta menningarviðburðir, íþróttastarf og félagastarf haft áhrif á búsetulengd innflytjenda?

Ritgerð til MA gráðu í menningarstjórnun
Nafn nemanda: Eyrún Helga Ævarsdóttir
Leiðbeinandi: Lara Hoffmann
(Vor – 2025)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting lokaverkefnis til MA gráðu í Menningarstjórnun

Titill verkefnis: Innflytjendur og menning: Geta menningarviðburðir, íþróttastarf og félagastarf haft áhrif á búsetulengd innflytjenda?

Höfundur verkefnis: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritgerð þessi er 30 ECTS – eininga lokaverkefni til MA gráðu í Menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst.

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hlotið

Lokaeinkunnina _____

Háskólinn á Bifröst, dags. _____

Stimpill skólans

Deildarforseti

Úrdráttur

Ritgerð þessi fjallar um tengsl menningar við búsetulengd innflytjenda á Íslandi, sérstaklega á landsbyggðinni. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort menningartengd þjónusta geti stuðlað að lengri búsetu og inngildingu innflytjenda í minni bæjarfélögum, með sérstakri áherslu á Sveitarfélagið Hornafjörð.

Rannsóknin var framkvæmd með blandaðri aðferð þar sem bæði eigindlegar og megindlegar aðferðir voru nýttar til að safna gögnum. Í rannsókninni er meðal annars rætt um aðlögun innflytjenda þar sem nýtt tungumál, ólíkir siðir og takmarkað aðgengi að menningartengdum viðburðum geti gert inngildingu þeirra erfiða. Þá er litið á aðlögun (e. assimilation) sem ferli þar sem einstaklingur aðlagar sig að breytilegu umhverfi. Þá er rætt um inngildingu (e. inclusion) sem þátttöku innflytjenda í samfélags- og menningarviðburðum. Þá er litið á hvort innflytjendur upplifi sig sem hluta af samfélaginu eða finni fyrir einangrun. Þá er samþætting innflytjenda einnig skoðuð en með samþættingu (e. integration) er átt við það þegar minnihlutahópar öðlast menningarlega og félagslega færni í samskiptum við meirihlutasamfélagið en viðhalda jafnframt einkennum frá upprunasamfélaginu.

Rætt var við innflytjendur sem búa í Sveitarfélaginu Hornafirði um möguleika þeirra á að byggja upp tengsl við heimamenn. Þá var einnig rætt við þau um búsetu, félagslega þátttöku, takmarkanir vegna tungumálaerfiðleika, skorts á tækifærum og fábreytileika í viðburðum.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að aukin inngilding innflytjenda í menningar- og samfélagsstarfsemi geti dregið úr félagslegri einangrun þeirra og stuðlað að lengri búsetutíma. En með því að stuðla að menningarlegri þátttöku og skapa rými fyrir innflytjendur til að viðhalda og miðla eigin menningu verður samfélagið sterkara og fjölbreyttara.

Abstract

This thesis examines the relation between culture and the length of residence of immigrants in Iceland, with a particular focus on rural areas. The study aims to explore whether culturally oriented services can promote longer residency and social inclusion of immigrants in smaller communities, specifically focusing on the Municipality of Hornafjörður.

The study was conducted using a mixed-methods approach, utilizing qualitative and quantitative data collection methods. It discusses the adaptation process of immigrants, where a new language, unfamiliar customs, and limited access to cultural events may hinder their inclusion. Assimilation is discussed as a process in which individuals adapt to a changing environment. Inclusion is also explored, emphasizing participation in social and cultural activities. It also explores whether immigrants feel part of the community or experience isolation. Integration is examined as the process which minority groups acquire cultural and social competencies to engage with the majority society, while also retaining characteristics of their original culture.

The study includes interviews with immigrants living in the municipality of Hornafjörður in Iceland and explores their opportunities to build connections with residents. It also considers their perspective on residency, social participation, the limitations they face due to language barriers, lack of opportunities, and limited variety of events.

The findings of the study suggest that increased inclusion of immigrants in cultural and community activities can reduce their social isolation and contribute to longer residency. Furthermore, by promoting cultural participation and creating space for immigrants to maintain and share their own culture identity, the community becomes stronger and more diverse.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni í menningarstjórnun og er liður í námi höfundar við Háskólann á Bifröst til MA-gráðu. Vægi ritgerðarinnar er 30 ECTS einingar.

Ritgerðin var unnin undir leiðsögn Laru W. Hoffmann, nýdoktors við Háskóla Íslands og kennara við Háskólann á Bifröst, og var hún unnin á tímabilinu maí 2024 til apríl 2025.

Höfundur vill þakka Laru innilega fyrir ómetanlega aðstoð, ítarlega leiðsögn og verðmæta endurgjöf sem hafði mikil áhrif á gæði ritgerðarinnar og þátttakendum rannsóknarinnar fyrir að taka þátt.

Að auki vill höfundur þakka fjölskyldu sinni fyrir ómetanlegan stuðning, hvatningu og þolinmæði meðan á náminu stóð. Án þeirra hefði þetta verkefni ekki orðið að veruleika.

Fjölskyldan hefur verið stoð og stytta á öllum stigum námsins og hvatt mig til þess að takast á við viðfangsefnin af elju og þrautseigju.

Höfundur vonar að ritgerðin verði innlegg í umræðu um mikilvægi samþættingar innflytjenda og fjölbreytni samfélagsins. Þar að auki vonar höfundur að niðurstöðurnar hvetji til stefnumótunar og aðgerða sem styðja við fjölbreytileika samfélagsins.

Efnisyfirlit

Úrdráttur.....	iii
Abstract.....	iv
Formáli.....	v
Efnisyfirlit.....	vi
Inngangur.....	1
Umfang og bygging ritsmíðar.....	2
Fræðilegur grunnur rannsóknar.....	3
Fyrsti kafli.....	3
Einangraða þjóðin.....	3
Alþjóðasamfélag.....	4
Schengen og Evrópska efnahagssvæði.....	5
Innflytjendalög.....	7
Annar kafli.....	8
Samfélag.....	8
Menning.....	8
Félagsmótun.....	10
Innflytjendur og fjölmennning.....	10
Félags- og menningarauður.....	12
Tungumál.....	13
Samþætting.....	15
Staðan í dag.....	19
Þriðji kafli.....	20
Sveitarfélagið Hornafjörður.....	20
Aðferðafræði.....	22
Markmið rannsóknarinnar og tilgangur.....	22
Aðferð.....	22
Úrtak og gaganaöflun.....	23
Megindleg rannsókn.....	23
Uppbygging spurningalista.....	23
Úrtak og túlkun gagna.....	24
Eigindleg rannsókn.....	25
Kynning á viðmælendum.....	25
Viðtöl.....	26
Skráning og úrvinnsla gagn.....	27
Gagnagreing megindlegra gagna.....	27

Gagnagreining eigindlegragagna	29
Rannsakandinn	29
Takmarkanir rannsóknar	30
Samþykki og siðferðileg atriði	30
Niðurstöður	31
Lífssýn og framtíðarplön innflytjenda	31
Aðgengi að menningar- og félagastarfi og menningarsókn	32
Menningarmál innflytjenda	34
Menningarblöndun og samfélagsviðhorf.	36
Börn og menning í sveitarfélaginu	37
Íslenskunámskeið og menningaraðgengi.	38
Áhrif menningar á búsetuákvarðanir.	41
Umræður	44
Aldur, kyn og þátttaka í menningu.	44
Tengsl fjölskyldu, þátttöku í menningu og búsetuáforma.	45
Tengsl á milli tungumálakunnáttu, menningarsóknar og búsetuáforma.	46
Ákvarðast búsetuáform af menningu og tungumálakunnáttu.	47
Inngilding og viðhorf	48
Þýði rannsóknar	49
Lokaorð	50
Tillögur til frekari rannsókna	51
Heimildaskrá:	52
Lög:	59
Myndaskrá	59
Töfluskrá	60
Viðauki	62
Spurningar í megindlegri rannsókn	62
Spurningar í egindlegri rannsókn	68

Inngangur

Ísland, landið fjarlæga með rætur sterkari en stormar norðursins.
Þar sem sérhver þúfa geymir minningar.
Nú koma gestir langt að heiman með drauma í augum og von í hjarta.
Þeir bera með sér ríkidæmi, menningu fjölbreytta.
Hljóm af heimum sem við áður varla þekktum.
Saman sköpum við framtíð samofna með kærleika.
Menning okkar breytist, vex og blómstrar.
Í fjölbreytni finnur hún kraft og framtíð bjarta.
Við saman vöxum og náum nýjum hæðum.
Í faðmi fjölbreyttrar menningar finnum við styrk og frama.

Miklar breytingar eiga sér stað í lífi innflytjenda þegar ákvörðun er tekin um að flytja af landi brott og setjast að í nýju landi. Helstu ástæður búferlaflutninga eru vinna, húsnæði, flótti, ást eða skóli, þ.e. í grunninn leitin að betra lífi (Ihrke, 2014). En hvað hvetur innflytjendur til að velja lítið og einangrað bæjarfélag úti á landi og hvað ræður því að þeir verði þar um lengri eða skemmri tíma?

Fræðimenn eru almennt sammála um að menning sé mikilvægur þáttur í samfélagi manna (Spencer-Oatey, 2012) og því er mikilvægt að rannsaka hvaða áhrif menning hefur á innflytjendur og ákvarðanir þeirra um búsetu. Þá hafa fræðimenn einnig sýnt fram á að tungumálið ásamt öðrum þáttum sé grundvallaratriði fyrir innflytjendur til að aðlagast og nýta sér betur þá samfélagsþætti sem í boði eru (Hakuta o.fl., 2000). Með hliðsjón af þessu beinist rannsóknin að því að skoða tengsl tungumáls, menningar og ákvarðana innflytjenda um að setjast að í samfélagi eins og Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í rannsókninni var menning skoðuð út frá breiðu sjónarhorni sem nær til félagslegra viðburða, íþróttar, félagasamtaka og klúbba og menningarstofnana. Slíkir viðburðir eru skilgreindir sem skipulagðir viðburðir sem veiti fólki tækifæri til að njóta samvista og vellíðunar.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort staða menningarmála, þar á meðal menningartengd þjónusta, viðburðir og viðhorf heimamanna hafi áhrif á lengd búsetu innflytjenda á landsbyggðinni. Þá verður einnig kannað hvort tungumálakunnátta spili hlutverk í því samhengi. Niðurstöðum rannsóknarinnar er ætlað að auka skilning á stöðu innflytjenda á landsbyggðinni og styðja við þróun samfélagsaðgerða sem stuðla að betri inngildingu þeirra, með áherslu á menningartengda þjónustu og þátttöku. Niðurstöðurnar munu ekki aðeins auka skilning á stöðu innflytjenda á landsbyggðinni heldur einnig nýtast til að þróa samfélagsaðgerðir sem stuðla að betri inngildingu innflytjenda.

Ef litið er til stöðu menningarmála í Sveitarfélaginu Hornafirði hefur menning sem einskorðast við sveitarfélagið eitt og sér ekki verið rannsökuð að miklu leyti og ekki frá því sjónarhorni sem þessi rannsókn á að leiða í ljós.

Rannsóknin var framkvæmd með blandaðri aðferð til að fá ítarlegri niðurstöður. Eigindlegum gögnum var safnað með viðtölum við innflytjendur sveitarfélagsins og meginðlegum gögnum var safnað með spurningalistum sem einnig voru lagðir fyrir innflytjendur. Sambland aðferðanna gefur rannsakanda möguleika á samanburði gagna og geta eigindleg gögn hjálpað til við að túlka tölulegar niðurstöður meginðlegra gagna (Johnson o.fl., 2007). Þannig má ná fram heildstæðari mynd af tölulegum upplýsingum og mannlegri upplifun.

Umfang og bygging ritsmíðar

Ritgerðin hefst á fræðilegum grunni þar sem fjallað er um sögu einangraðrar þjóðar og þær breytingar sem orðið hafa þar á. Í öðrum kafla er farið yfir áhrif aukningar innflytjenda á samfélagsmyndina, menningu og félags- og menningarauð, þátttöku innflytjenda í íslenskri menningu og tengsl hennar við félagslega inngildingu. Þar næst er aðferðafræði rannsóknarinnar útskýrð. Í niðurstöðum er skoðuð menningarþátttaka í Sveitarfélaginu Hornafirði til að varpa ljósi á áhrif menningarlegrar þátttöku og inngildingar á aðlögun innflytjenda. Í kjölfarið fylgja umræður sem eru settar í samhengi við fræðilegan grunn. Í lokaorðum eru dregnar saman helstu niðurstöður og fjallað um hvernig menning getur haft áhrif á búsetutíma innflytjenda.

Fræðilegur grunnur rannsókna

Fyrsti kafli

Einangraða þjóðin.

Samkvæmt Eiríki Bergmann (2008) hefur erfiðlega gengið að skilgreina þjóð en „almennt hefur þó verið talið að ýmsir samverkandi þættir geti einkennt þjóðir, svo sem afmarkað landsvæði, sameiginlegt tungumál, einsleitur kynþáttur, sameinandi trú, sameiginleg saga og aðrir menningarbundnir þættir“.

Íslensku þjóðina hefur þó verið auðvelt að skilgreina þar sem við sem þjóð erum einangruð frá öðrum landfræðilega. Flest okkar getum rakið rætur okkar í sama kynstofn, deilum sömu forsögu og trú og tölum sama tungumál. Ef litið er til baka í tímann þá var Ísland á 19. öld bændasamfélag, þar bjó stórfjölskyldan saman oft við þröng kjör og oft voru allt að þrír ættliðir saman í búskap ásamt vinnuhjúum.

Fátækt var mikil, sjúkdómar, náttúran og húsnaði leiddi til þess að dánartíðni var há (Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, 1993). Um 1880 bjuggu meira en 90% Íslendinga í strjálbýli og þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar lifðu af landbúnaði“ (Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, 1993).

Við lok 19. aldarinnar hófust miklar samfélagsbreytingar þar sem fólksflutningar úr sveitum í bæi urðu algengir. Þessi breyting á samfélaginu hafði áhrif á menningu í sveitarfélögum landsins (Garðar Gíslason, 2008). Í tengslum við þessa flutninga mynduðust ný tengslanet og hópar sem stofnuðu félög til að viðhalda sögu sveita og sagna og úr varð fjölbreyttara menningarlíf innan bæja og sveita landsins. Þessar breytingar leiddu einnig til myndunar kjarnafjölskyldunnar, þar sem aðeins tvær kynslóðir bjuggu saman og hafði það umtalsverð áhrif á menningarlandslag Íslendinga (Garðar Gíslason, 2008).

Dönsk áhrif voru áberandi í íslensku samfélagi fyrir sjálfstæði en á stríðsárunum í kringum seinni heimsstyrjöldina urðu áhrif fjölmenningar enn frekar áberandi í íslensku mannlífi (Árni S. Guðjónsson o.fl., 2017). Á þeim tíma dvöldu um 50.000 breskir og bandarískir hermenn á herstöðvum hér á landi. Með þeim fylgdi framandi menning sem Íslendingar höfðu ekki kynnst áður eins og til dæmis djasstónlist, tungumál og veitingar.

Ísland var á þessum tíma einangrað samfélag sem sést á því að einungis 30-40 flóttamönnum af gyðingaættum var veitt hæli í stríðinu (Árni S. Guðjónsson, o.fl., 2017). Líklegt er talið að ákvörðunin um að hleypa svo fáum inn hafi verið til að vernda einsleitni íslenska kynstofnsins (Árni S. Guðjónsson, o.fl., 2017).

Þó að landið væri einsleitt og einangrað komu til landsins eftir að stríðinu lauk 314 Þjóðverjar í atvinnuleit og fleiri í kjölfarið á næsta áratug og höfðu þeir áhrif á matarmenningu, ræktun grænmetis og plantna (Vilmundur Hansen, 2018).

Nokkrum árum seinna var varnarliðið á Keflavíkurflugvelli – Ásbrú orðið fjölmennasti hópur innflytjenda á Íslandi. Þrátt fyrir að vera innan öryggisgirðingar hafði menning varnarliðsins áhrif á menningu og þá sérstaklega Suðurnesjamanna í formi tónlistar og viðburða.

Menningarleg áhrif veru varnarliðsins hér á landi voru umdeild og var menning þeirra talin vera lágmennung. Útvarpsstöð varnarliðsins, „Kaninn“ eins og hún var kölluð, spilaði aðallega djass á fyrstu árum varnarliðsins og var menningin talin hafa skaðleg áhrif á menningu landans. Íhaldssama tímaritið Helgafell hóf útgáfu sína 20. mars 1942 og var því ætlað að flytja innlendan og erlendan skáldskap og fjalla um bókmenntir, listir og almenn menningarmál (Vísir, 1942). Í útgefinni grein blaðsins þar sem rætt var um menningu sem kom til landsins með varnarliðinu kom fram að „erlend áhrif eru því aðeins hættuleg, að þau hitti fyrir menningarsnauða og viðnámslitla þjóð“ (Helgafell, 1954). En í greininni var ekki deilt á útvarpsstöðina heldur var rætt um að Íslendingar væru ekki menningarsnauð þjóð og gætum vel unað við það að heyra djass spilað í útvarpinu.

Á meðan á veru varnarliðsins stóð þótti mjög spennandi að heimsækja „Völlinn“ þar sem framandi menning var við lýði og verslun á sælgæti var einstaklega spennandi fyrir börnin. Fjölskyldur sóttu þar menningarhátíðina Karnival og var hátíðin árlega hátindur menningar á Suðurnesjum. Þvílíkur undraheimur sem barnið gekk inn í og upplifunin einstök. Þar má segja að gjá á milli tveggja menningarheima hafi verið brúuð og fjölmennungin naut sín. Á 21. öldinni hefur Ísland aftur á móti þróast úr því að vera lokað, einsleitt samfélag í að vera alþjóðasamfélag. Blöndun menningar frá framandi löndum við íslenska menningu er nú orðin hluti af daglegu lífi. Þessar breytingar sýna hvernig samfélag sem eitt sinn var einangrað hefur opnast og býður nú fjölmennungu og fjölbreytni velkomna.

Alþjóðasamfélag

Breytingarnar sem nú eru sýnilegar í samfélagi Íslendinga má vel sjá á mælaborði Byggðastofnunar. Þar má sjá upplýsingar um ríkisfang, fjölda og hlutfall íbúa í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Samkvæmt mælaborði Byggðastofnunar bjuggu í ársbyrjun 2024 alls 383.726 manns á Íslandi, þar af 63.528 innflytjendur sem samsvarar 16,6% íbúa landsins.

Í Sveitarfélaginu Hornafirði bjuggu á sama tíma 2.487 manns, þar af 664 innflytjendur eða 26,7%. Af þeim voru 353 karlmenn (53,2%) og 311 kvenmenn (46,8%), með meðalaldur 31,7 ár og þar voru alls 41 þjóðerni (Byggðastofnun, 2024).

Hagstofan (2022) skilgreinir innflytjendur og fólk með erlendan bakgrunn á þennan veg:

„Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur. Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Fólk er talið hafa erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Einstaklingur sem fæddist erlendis en á foreldra sem báðir eru fæddir hér á landi telst einnig hafa erlendan bakgrunn“.

Innflytjendur eru nú ört stækkandi hópur á Íslandi. Til samanburðar bjuggu á Íslandi árið 1998 einungis 5.635 erlendir ríkisborgarar sem samsvaraði 2% íbúa landsins. Eftir efnahagslægdina árið 2009 hafði hlutfallið hækkað í 9%. Árið 2022 var fjöldi erlendra íbúa orðinn 55.002 eða 15% íbúa landsins (Byggðastofnun, 2024). Fjöldinn náði hámarki við upphaf COVID-faraldursins. Þá voru innflytjendur af fyrstu og annarri kynslóð um 17% þjóðarinnar.

Innflytjendur eru nú stór partur af íslensku samfélagi og hafa því veruleg áhrif á menningu þess en Gerald Baumann (1999) lýsir fjölmenningu sem þríhyrningi. Í einu horni þríhyrningsins er ríkið, í öðru horninu er etnisk sjálfsmynd og hugmyndin um að hún jafngildi menningarlegri sjálfsmynd og í því þriðja er trú. Í miðju þríhyrningsins er menning, sem mótast af öllum hornum hans. Þar af leiðandi hafa einstaklingar ávallt áhrif á menningu samfélagsins og hver innflytjandi flytur með sér nýja strauma og áhrif.

Af þessu má draga þá ályktun að íslenskt samfélag sé orðið samfélag margra menningarheima þar sem þar af leiðandi þurfi að líta til menningar þeirra sem til landsins koma.

Schengen og Evrópska efnahagssvæði

Pólítískar ákvarðanir hafa oft miklar afleiðingar fyrir samfélagið en líklega hafa fáar haft jafn víðtæk menningarleg áhrif og undirritun Schengen-samningsins og aðild Íslands að evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Schengen-samkomulagið var fyrst undirritað árið 1985 af Þýskalandi, Frakklandi og Benelúx-löndunum. Markmið samkomulagsins var að afnema persónubundið eftirlit á innri landamærum aðildarríkja og koma á mótvægisáðgerðum, einkum samvinnu evrópskra lögregluliða til að tryggja öryggi borgara á svæðinu (Stjórnarráð Íslands, 2023).

Ísland undirritaði Schengen-samninginn árið 1996, sem hafði mikil áhrif á flæði innflytjenda til landsins. Í dag nær Schengen-svæðið yfir flest ríki Evrópusambandsins (ESB).

Samningurinn felur í sér afnám landamæraeftirlits milli aðildarríkjanna og frjálsa för íbúa þeirra (Stjórnarráð Íslands, 2023). Afleiðingar undirritunar samningsins voru m.a. að ferðir milli landa urðu einfaldari og vinnumarkaðir opnari (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2020).

Einnig jókst flutningur innflytjenda til Íslands verulega með aðild landsins að EES árið 1994. Íslenski vinnumarkaðurinn opnaðist formlega fyrir löndum samningsins árið 2006 (Unnur Dís Skaptadóttir og Ólöf Garðarsdóttir, 2020).

Þegar Pólland og Litháen gengu í ESB hófst stórfelldur flutningur borgara þessara landa til Íslands. Vegna aðildarinnar þurftu þeir ekki lengur að afla sér atvinnuleyfis áður en þeir leituðu að atvinnu hérlandis (Unnur Dís Skaptadóttir og Ólöf Garðarsdóttir, 2020).

Þetta vinnuafli var vel metið og er nú ómissandi hluti íslensks vinnumarkaðar. Eftir efnahagshrunið hafa innflytjendur á Íslandi verið aðallega í ferðaþjónustu og sjávarútvegi, þó að dregið hafi úr þörf fyrir vinnuafli í sjávarútvegi vegna hagræðingar í greininni (Vífill Karlsson, 2022).

Sveitarfélög, rétt eins og ríkið, hafa fundið fyrir áhrifum aukins fjölda innflytjenda.

Breytingar á stefnu ríkis og sveitarfélaga í innflytjendamálum hafa því meðal annars falið í sér ný og endurskoðuð innflytjendalög, auk aukinnar áherslu á inngildingu fjölmennningar og menningartengt aðgengi (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).

Stjórnsýsla sveitarfélaga og ríkið hafa því þurft að aðlagast breyttu samfélagslandslagi með aukna áherslu á félagsauð og jaðarmenningu í fararbroddi (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.). Með fjölgun innflytjenda er lykilatriði að tryggja inngildingu þeirra í samfélagið og skapa þeim tækifæri til að taka þátt í menningarlegum og félagslegum viðburðum. Þátttaka þeirra styrkir tengsl þeirra við nýja samfélagið og stuðlar að vel heppnaðri inngildingu.

Þannig hafa Schengen-samningurinn og aðildin að EES ekki aðeins stuðlað að hreyfanleika vinnuafli heldur einnig stuðlað að aukinni menningarlegri fjölbreytni og inngildingu innflytjenda í íslensku samfélagi.

Innflytjendalög

Fyrstu lög um málefni innflytjenda voru samþykkt á Alþingi árið 2012. Þau urðu til í kjölfar samfélagslegs þrýstings sem stafaði af fjölgun innflytjenda og þeirrar þörf að móta löggjöf sem tæki á þessum málaflokki. Markmið laga nr. 116/2012 um málefni innflytjenda er að stuðla að samfélagi þar sem allir geta tekið þátt óháð þjóðerni og uppruna (Stjórnarráð Íslands, 2022).

Markmiðunum skal náð með því að samþætta hagsmuni innflytjenda í allri stefnumótun, stjórnsýslu og þjónustu hins opinbera. Stuðla að víðtæku samstarfi og samþættingu aðgerða og verkefna á milli aðila sem koma að málefnum þeirra. Þá á að efla fræðslu og miðlun upplýsinga um málefni innflytjenda, stuðla að samfélagi án fordóma og að stuðla að og styðja við rannsóknir og þróunarverkefni í málefnum þeirra (Alþingi, 2012).

Árið 2022 var kynnt framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem nær yfir árin 2022 – 2025. Áætlunin byggir á fimm stoðum: Samfélagi, fjölskyldu, menntun, atvinnu og flóttafólki. Markmið hennar er að tryggja að þátttaka í samfélaginu sé öllum opin. Hún felur jafnframt í sér samhæfingu hagsmuna innflytjenda við stjórnsýslu, þjónustu opinberra aðila og stefnumótun Alþingis (Stjórnarráð Íslands, 2022).

Í nóvember 2023 var gefin út grænbók þar sem áhersla var lögð á að heyra raddir innflytjenda. Í framhaldi kom út hvítbók í maí 2024 með drögum að stefnu í málefnum þeirra. Í kjölfarið hófst vinna við að móta tillögu að þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á Alþingi 16. júní 2022 (Alþingi, 2021- 2022).

OECD birti úttekt um málefni innflytjenda á Íslandi í framhaldi þessarar vinnu. Í úttekt OECD var lögð áhersla á mikilvægi þess að setja inngildingu innflytjenda og tungumálakennslu ofar á stefnuskrána (Stjórnarráð Íslands, 2024).

Annar kafli

Samfélag

Ef litið er á samfélagið sem eina stoð framkvæmdaáætlunarinnar er áhugavert að skoða hugmyndir Emilie Durkheim. Hann lýsti samfélagi sem stöðugu samspili einstaklinga bæði í einkalífi og opinberu sem byggir á heilögum og tímalausum venjum samfélagsins (Cliggett og Wilk, 2007).

Durkheim líkti samfélögum við lífveru sem samanstendur af mörgum ólíkum hlutum eða líffærum. Hann taldi að hver hluti hefði sitt sérstaka hlutverk og líkt og í mannlíkamanum skapar bilun í einhverju líffærinu óstöðugleika í samfélaginu (Garðar Gíslason, 2008).

Í samfélagi þar sem fjölbreytileg menning mætist er mikilvægt að einstaklingar með annan menningarlegan bakgrunn mæti skilningi og samþykki á sama tíma og þeir leitast við að skilja og samþykkja þá menningu sem fyrir er í samfélaginu. Ef þetta ferli mistekst getur samfélagið orðið óstöðugt og illa statt (Garðar Gíslason, 2008).

Durkheim færði rök fyrir því að „maðurinn væri ávöxtur uppeldis og umhverfis og þar af leiðandi væri hægt að móta einstaklingana jafnt til að verða góðir og heiðarlegir borgarar eða varmenn“ (Haraldur Ólafsson, 1998). Þess vegna er lykilatriði að samfélagið taki vel á móti innflytjendum, sýni þeim skilning og veiti þeim samþykki. Slíkt tryggir að afkomendur þeirra geti verið góðir og heiðarlegir borgarar samfélagsins (Haraldur Ólafsson, 1998).

Á hinn bóginn er hættan sú að ef innflytjendur finna sig ekki í menningu samfélagsins að þeir verði jaðarsettir borgarar sem eigi ekki samleið með því. Þetta getur leitt til þess að þeir hafi aðrar áherslur í lífinu og verði félagslega einangraðir. Þetta tekur Jean-Jacques Rousseau undir en hann benti á að „einstaklingurinn væri góður og heiðarlegur í eðli sínu, en rangt uppeldi og vont samfélag spillti honum“ (Haraldur Ólafsson, 1998).

Menning

Menning er órjúfanlegur þáttur okkar samfélags og er gildi hennar augljóst. Félagslíf, viðburðir og samkomur auðga andann og stuðla að vellíðan samfélagsins. Á hverju ári er hægt að velja úr fjölmörgum menningarviðburðum um allt land, sem undirstrikar það að menning er ein af grunnstoðum samfélagsins og mikilvægur þáttur í vellíðan einstaklinga. Á seinni hluta síðustu aldar var áhersla lögð á að innflytjendur tileinkuðu sér siði og menningu landans, með það að markmiði að gera þá sem líkast innfæddum í siðum og venjum (Mannréttindastofa, e.d.).

Í dag er hins vegar samþætting ríkjandi hugmyndafræði sem gengur út á að skapa aðstæður þar sem innflytjendur geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Þeir geta bæði tekið þátt í félagsstarfi, þeirri menningu sem fyrir er eða stofnað eigin félagasamtök og kynnt sína menningu. Skilgreiningar á menningu bera því oft með sér áherslu á þolinmæði, samvinnu og vinskapa gagnvart öðrum.

Lára Magnúsdóttir og Sólveig Ólafsdóttir (e.d.) skilgreina menningu þannig: „Menning sé í senn ávallt gömul og ný, erlend og innlend, almenn og sértæk, áþreifanleg og óáþreifanleg (hlutbundin og óhlutbundin), en umfram allt lifandi, skapandi, gleðjandi, menntandi og veki til umhugsunar“

Á málstofu í menningarhagfræði lýsti Ágúst Einarsson (2003) menningu á þennan hátt:

Með menningu er átt við hverja þá hefð eða starfsemi sem byggist á viðleitni mannsins til að skapa, varðveita eða miðla tilfinningum eða umhverfi mannlegs samfélags hvort sem það er gert í máli, myndum, tónum, hreyfingu, trú, hugmyndum, venjum eða á annan hátt.

Til menningar telst því hvert það starf innan samfélagsins sem miðar að því að koma menningu á framfæri, sama í hvaða formi það er.

Í Cambridge Dictionary (e.d) er menning skilgreind sem „The way of life, especially the general customs and beliefs, of a particular group of people at a particular time“. Þar er einnig tekið fram að menning feli í sér tónlist, myndlist, sviðslist, bækur og svo framvegis.

Mannfræðingurinn Clifford Geertz segir að menning snúist um hugsanir og tilfinningar fólks: Með þessu á hann við að menning snúist um tjáningarform, hegðun og upplifanir sem eru sameiginlegar ákveðnum hópum (Garðar Gíslason, 2008).

Edward Burnett Taylor lýsir menningu sem „hinna flóknu heild sem mynduð er af þeim reglum, trúarhugmyndum, siðum og venjum sem flytjast frá einni kynslóð til annarrar“ (Haraldur Ólafsson, 1998). Aðrir fræðimenn hafa dregið þetta saman í færri orð og kalla menningu „félagslegan arf“ (Haraldur Ólafsson, 1998).

Menning samfélaga er síbreytileg og hefur þróast mikið á síðustu 100 árum. Þetta má rekja til aukinna fólksflutninga, upplýsingamiðlunar, auðveldari ferðalaga og tækniframfara sem í daglegu máli kallast nútímavæðing (Garðar Gíslason, 2008).

Í skýrslunni *Impact of immigration on Europe's Societies* er því haldið fram að þrátt fyrir að Hollendingar hafi gefið út mikið efni um menningu og þátttöku sé lítið vitað um áhrif innflytjenda á samfélag og menningu. Hollenska ríkisstjórnin telur menningu mikilvægan þátt í aðlögun innflytjenda og hefur gert menningarþátttöku að forgangsverkefni í stefnumörkun sinni (European Commission, 2006).

Félagsmótun

Félagsmótun á sér stað þegar menning flyst á milli kynslóða í formi þekkingar og kunnáttu sem nýtist í daglegu lífi. Þeir Black, Mendeekk og Oddou (1991) settu fram kenningar um félagslega aðlögun (e. adjustment) og þar töluðu þeir um víddir en þær eru þrjár:

Almenn aðlögun (e. adjustment to general environment) þar sem þægindaþættir menningarumhverfisins eins og búseta, veðurfar og staðhættir hafa áhrif á aðlögun.

Samskiptaaðlögun (e. adjustment to interacting) þar sem samskiptastíll innflytjenda breytist í samræmi við aðstæður í nýju samfélagi. Að lokum er það vinnuaðlögun (e. adjustment to work) þar sem einstaklingar aðlagast kröfum og vinnustaðarmenningu í nýju umhverfi.

Menning hefur þróast frá örófi alda og verið miðlað milli kynslóða. Á fyrri öldum fluttist þekking frá öldungum til yngri kynslóða og vegna einsleitra samfélaga var þekking bændu svipuð frá einum bæ til annars. Bændur tengdust innbyrðis, ekki aðeins vegna efnahagslegra hagsmuna heldur einnig menningarlega og mótaðist af líku lífsmynstri og félagsmótun (Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson, 1993). Nú á tímum þróast menning á svipaðan hátt á milli kynslóða, en þegar innflytjandi flytur í nýtt samfélag hefst ferli þar sem bæði innflytjandinn og samfélagið læra gildi og hefðir hvort annars. Þeirri menningu er svo miðlað áfram til komandi kynslóða. Í nútímasamfélagi þar sem menning er fjölbreytt er leiðin að samþættingu oft flókin. Með samvinnu getur samfélagið þó náð fram samþættingu þar sem menningarlegur og félagslegur bakgrunnur renna saman og mynda fjölmennningarlegt samfélag. Þetta ferli er þó stöðugt í þróun og vinna við samþættingu er sífellt í gangi til að skapa jafnvægi og þátttöku allra.

Innflytjendur og fjölmennning

Mannréttindastofa Íslands (e.d.) bendir á að aukin þátttaka innflytjenda í íslensku samfélagi hafi leitt til viðhorfsbreytinga gagnvart þeim. Rannsókn Hoffmann o.fl. (2023) styður þetta og sýnir að sveitarfélög, sem fyrr voru einsleit samfélög með sameiginlega sögu og sterk innbyrðis tengsl, eru nú að breytast með fjölgun fjölmennningarlegra íbúa. Þetta hefur varpað ljósi á mikilvægi félagslegrar aðlögunar innflytjenda sveitarfélaga (Hoffmann o.fl., 2023). Á Íslandi er lögð áhersla á að menning nái til allra íbúa óháð búsetu og þörf er á aðlögun að breyttu landslagi menningar hvort sem litið er á Íslendinga eða innflytjendur.

Í greinargerðinni *Samfélag fjölbreytileikans - Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* kemur fram að innflytjendur sem búa á svæðum sem eru fámennari eru líklegri til þátttöku í félagastarfi og eru frekar í samskiptum við Íslendinga (Meckle o.fl., 2020). Aftur á móti er fjölbreyttasta menningarsenan á Íslandi í Reykjavík þar sem íbúafjöldinn og fjölmenningin er sem mest (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2022). Þá má segja að þar mætist mannauður og menning og gefi af sér litríkt menningarlíf sem ásókn er í. Aðgengi að menningu og þjónustu er mikilvægur liður í menningarneyslu allra íbúa. Það gerir fjarlægð Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá stærri byggðarkjörnum eins og Reykjavík íbúum sveitarfélagsins sem vilja auka á menningarneyslu sína erfiða. Þessar tvær rannsóknir sýna kosti þess og vankanta að búa í stærri og minni byggðarkjörnum. Staða sveitarfélaga fjarri Reykjavík gefur samfélagi eins og Sveitarfélaginu Hornafirði þann möguleika að efla menningarneyslu innflytjenda til muna með ákveðnari stýringu menningarmála í átt að aðlögun og inngildingu.

Aftur á móti kom fram í rannsókn Unnar Dísar Skaptadóttur og Wojtynska (2007) að þeir einstaklingar sem bjuggu við sjávarsíðuna höfðu síður aflað sér þekkingar á samfélaginu og voru einangraðir í upphafi dvalar þeirra á landinu. Þeir voru frekar í samskiptum við aðra útlendinga á vinnustaðnum en Íslendinga, sóttu síður viðburði í bæjarfélaginu og ferðuðust ekki mikið innanlands. Í rannsókn Hoffmann o.fl. (2023) kemur fram að menning eins og skapandi listir geta verið góð leið til stuðla að menningarfundum meðal fólks með mismunandi bakgrunn og eru listir heppileg leið til að til að hvetja til þátttöku innflytjenda. Samskipti á milli einstaklinga með mismunandi bakgrunn geta haft góð áhrif á skilning þeirra á menningu annarra einstaklinga og aukið félagsleg tengsl þeirra í samfélaginu.

Í rannsókninni *Aðlögun erlendra íbúa* í sveitarfélögum Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði sem gerð var af Borkowski og Völu Hauksdóttur (2021) kom fram að 74% svarenda könnunarinnar tóku þátt í svæðisbundnum viðburðum og að samfélagsþátttaka skipti þá miklu máli. Sú þátttaka skipti miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu þeirra í sveitarfélaginu og bendir það til þess að sveitarfélög geti lækkað íbúaveltu með bættri þjónustu.

Samt sem áður finna innflytjendur fyrir skorti á tækifærum til að taka þátt í samfélagslegum viðburðum. Innflytjendur vinna oft en ekki störf þar sem mikið er um aðra innflytjendur og það oft aðskilið öðrum störfum Íslendinga. Einnig eru fáir samkomustaðir í minni sveitarfélögum og minni þjónusta grefur undan möguleikum á kynnum (Hoffmann o.fl., 2023).

Hoffmann o.fl. (2020) komust að þeirri niðurstöðu í rannsókn þeirra á *Regional differences in the inclusion of immigrants in Icelandic society* að ekki er mikill munur á félagslegri þátttöku á milli landsbyggðar og þéttbýlis. Aftur á móti fannst munur á svæðum og var sá munur í tungumálakunnáttu, félagslegum samskiptum við Íslendinga, atvinnuskilyrðum, þátttöku í klúbbum og atkvæðagreiðslu. Þá voru það innflytjendur á norður- og austursvæði sem greindust með betri íslenskufærni og virkari þátttöku en þátttakendur á suðursvæði greindust með lægri íslenskufærni, litla þátttöku í klúbbum og samtökum og áttu færri félagsleg tengsl við Íslendinga. Þá fundust tengsl á milli hlutfalls innflytjenda á þeim stöðum þar sem þátttakendur voru færri og með meiri færni í íslensku og betri félagsleg tengsl. Þessi munur getur haft áhrif á inngildingu innflytjenda og bendir til að þó að aðgengi að menningarstarfsemi sé mögulega meira í stærri samfélögum séu samskipti á milli innflytjenda og íbúa mögulega sú breyta sem skiptir máli í inngildingu þeirra.

Hefur framboðið þá áhrif á það hvort innflytjendur ilengist í sveitarfélögum eða laðar framboð menningar á borð við viðburði, klúbbastarf eða íþróttir annarra sveitarfélaga innflytjendur til þeirra?

Félags- og menningarauður.

Árið 1992 var samþykktur samningur á vettvangi Evrópuráðsins um þátttöku útlendinga í opinberu lífi í sveitarfélögum. Eitt meginmarkmið samningsins var að viðurkenna að útlendingar sem búsettir eru í landinu taki að jafnaði virkan þátt í „mannlífi og framþróun sveitarfélaga“ (Mannréttindastofa, e.d.). Aukning félagsauðs með komu innflytjenda í landið er mikilvæg og því þykir nauðsynlegt að auðvelda þeim aðlögun að samfélaginu. Þetta má meðal annars gera með því að skapa þeim betri tækifæri til að taka þátt í sveitarstjórnarstörfum (Mannréttindastofa, e.d.).

Félagsauður vísar til félagslegra samskipta og tengsla á milli ólíkra hópa og einstaklinga sem sameinast í samfélagslegri þátttöku. Pierre Bourdieu, einn upphafsmanna hugtaksins, rannsakaði menningarneyslu Frakka á áttunda áratug 20. aldar.

Niðurstöður hans sýndu að sterk tengsl væru á milli menningarneyslu og stöðu einstakra hópa eftir kyni, stétt og búsetu (Bourdieu o.fl., 1979). En samkvæmt Francis Fukuyama (2001) felur félagsauður í sér viðmið sem stuðla að samvinnu tveggja eða fleiri einstaklinga. Þessi viðmið geta verið allt frá einföldum samskiptum vina til flókinna félagslegra kerfa og kenninga. Þá sýndi rannsókn Liltsi o.fl. (2020) að til að stuðla að samþættingu innflytjenda þurfi að hvetja til þátttöku þeirra í félagastarfi.

Með aukinni þátttöku þeirra aukast líkur á samskiptum við heimamenn, samþættingu á gildum og hegðun sem leiðir til frekara trausts, minni fordóma og meiri félagsauðs. Í sama streng taka Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eyþórsson (2020), samkvæmt þeim stuðlar félagsauður að samfélagslegu trausti, aukinni trú á stofnanir, bættum samskiptaleiðum og gildum. Félagsauður er því mjög eftirsóknarverður fyrir samfélög bæði með tilliti til menningar og vinnuafis.

Innflytjendur sem koma til Íslands eru langt frá sínum upprunalegu heimkynnum og standa frammi fyrir áskorunum við að mynda ný tengslanet sem brúa bilið á milli einstaklings og samfélags. Tungumálaörðugleikar eru þar ein helsta áskorun innflytjenda í þátttöku þeirra í skipulögðu starfi. Félagsleg tengsl eru oft engin eða mjög takmörkuð og áskorun að skapa ný sem koma í stað fjölskyldu og vina sem eftir urðu í heimalandinu (Mannréttindastofa, e.d.). Ef markmiðið er að viðhalda félagsauðinum og lengja dvalarlengd innflytjenda er lykilatriði að gera þeim kleift að kynnast menningu landsins, aðlagast og finna sig velkomna. Áhrif innflytjenda á menningu samfélagsins eru oft áberandi, en þegar skortur er á tengslaneti getur það haft áhrif á menningarneyslu þeirra. Innflytjendur eru oft flokkaðir með jaðarhópum og upplifa gjarnan að menning samfélagsins sé þeim ekki aðgengileg og komi þeim ekki við. Þetta getur stafað af kynþáttafordómum, tungumálaörðugleikum eða tilfinningu fyrir að þeir séu ekki þátttakendur í þeirri menningu sem boðið er upp á.

Tungumál

Í heiminum eru um það bil 100 tungumál sem 95% mannkyns notar og af þessum 100 tungumálum nota 75% jarðarbúa 12 þeirra til samskipta. Af þessum tólf eru sex evrópsk nýlendumál sem hafa rætur í evrópskum nútíma og eru þau talin upp hér á eftir, eftir vinsældum: Enska, spænska, þýska, franska og ítalska. Auk þeirra má ekki gleyma kínversku og hindí (Jameson og Miyoshi, 1998).

Rannsóknir hafa sýnt að tungumálið er lykillinn að því að innflytjendur geti aðlagast samfélaginu og nýtt sér betur þá félagslegu þætti sem í boði eru.

Hins vegar getur það tekið þrjú til fimm ár að ná tökum á tungumáli til daglegra nota og allt að sjö til tíu ár að ná akademískri færni (Hakuta o.fl., 2000).

Í einsleitum samfélögum eins og á Íslandi er oft meiri pressa á innflytjendur til að aðlagast meginstraumi menningar. En hvað getur samfélagið gert til að koma til móts við þá einstaklinga sem eru viljugir að læra tungumálið?

Í rannsókn Hoffmann og Holm (2022) *Learning Insular Nordic Languages: Comparative Perspectives on Migrants. Experiences Learning Faroese and Icelandic* kemur fram að 82% þátttakenda á Íslandi höfðu sótt námskeið í íslensku. Þetta bendir til mikils áhuga innflytjenda á formlegri tungumálakennslu. Viðmælendur rannsóknarinnar lögðu einnig áherslu á mikilvægi þess að læra málið.

Þrátt fyrir þetta sýndi rannsóknin að 60% aðspurðra voru óánægð með þau íslenskunámskeið sem þeir höfðu sótt, þar sem þau þóttu ekki mæta þörfum þeirra, á meðan 25% þátttakenda voru ánægðir.

Í íslensku samfélagi eru innflytjendur hvattir til að læra íslensku enda stór þáttur í inngildingu þeirra. Þó kemur fram í grein Þóru H. Christiansen og Erlu S. Kristjánsdóttur (2020) að Íslendingar nýti menningarlega þekkingu og tungumál sem vald, sem skapar ójafnvægi í hag innfæddra. Því er mikilvægt að draga úr þessu ójafnvægi og greiða leið innflytjenda að íslenskukennslu.

Greinin bendir einnig á að viðmælendur töldu sig aldrei geta yfirstigið tungumálaþröskuldinn jafnvel þó að þeir töluðu góða íslensku. Innflytjendur sem töluðu íslensku með hreim voru enn taldir vera útlendingar og fundu sig ekki sem hluta af hópnum. Undir mikilvægi íslenskukunnáttu tók rannsókn Hoffmann o.fl. (2023) en þar kom fram að bæði íbúar og innflytjendur lögðu áherslu á þátttöku ásamt tungumálakunnáttu og að hún væri mikilvægur þáttur í aðlögunarferli innflytjenda.

Það sama má segja um rannsókn Elsu Sigríðar Jónsdóttur og Önnu Þorbjargar Ingólfssdóttur (2004) en viðmælendur þeirra fullyrtu að „íslenskukunnátta sé lykillinn að betri stöðu í samfélaginu“. Tungumálaerfiðleikar geta þar af leiðandi orðið þröskuldur í leið innflytjenda að vellíðan og samþættingu í samfélaginu. Nauðsynlegt er að endurskoða íslenskukennslu sem boðið er upp á og tryggja að hún mæti þörfum innflytjenda og veita þeim tíma til að ná tökum á tungumálinu og framburði. Jafnframt þurfa Íslendingar að huga að því að leggja sitt af mörkum og leyfa innflytjendum að finna sig í málinu og læra á sínum eigin forsendum. Í dag er nánast krafa í samfélaginu að tala ensku. Hvers vegna ættu þá tungumálaörðugleikar innflytjenda að hindra þá í að taka þátt í menningarstarfi?

Mögulega þarf vitundarvakningu, samfélagið þarf að sýna frekari skilning á aðstæðum innflytjenda og reyna að aðlaga menninguna að þeirra þörfum með til dæmis viðburðum sem eru á fleiri tungumálum. Mögulega gætu innflytjendur þá skynjað sig sem hluta af samfélaginu og þeirri menningu sem upp á er boðið.

Þannig væri hægt að varpa ljósi á jaðarmenningu sem myndast í sveitarfélögum og gefst þá möguleiki á að halda viðburði eða samkomur sem ná til breiðari hóps. Með slíkum aðgerðum mætti um leið gera menningarframboð opnara.

Samþætting

Í doktorsritgerð Írisar Ellenberger, *Danskir innflytjendur á Íslandi 1900 -1970* (2013), var fjallað um samlögunarkenninguna. Þar kom fram að hin svokallaða samlögunarkenning eða -líkan (e. assimilation theory eða model) hefur verið ríkjandi í orðræðu Vesturlanda um innflytjendur síðustu áratugi. Hún var stjórnvöldum leiðarljós í stefnumótun á sviði innflytjendamála og hugmyndir hennar hafa lagt grunninn að lykilhugtökum innflytjendaumræðu nútímans, þ.e. aðskilnaði (e. separation) og aðlögun (e. adaptation). Aðskilnaður á sér stað þegar minnihlutahópar mynda sitt eigið samfélag án þess að aðlagast meirihlutasamfélaginu. Aðlögun getur hins vegar verið með tvenns konar hætti, samþætting (e. integration) og samlögun (e. assimilation). Með samþættingu öðlast minnihlutahópar menningarlega og félagslega færni í samskiptum við meirihlutann en viðhalda jafnframt einkennum frá upprunasamfélagi þeirra. Í samlögun hverfur menningarleg sérstaða minnihlutans í þeim tilgangi að tileinka sér gildi og siði meirihlutasamfélagsins. Í ritgerðinni kom einnig fram að gagnkvæm aðlögun á sér stað þegar meirihlutasamfélagið aðlagar sig þannig að nýjum borgurum, en stundum stöðvast aðlögun innflytjandans á ákveðnu stigi. Þá getur full aðlögun að samfélaginu tekið allt að tvær til þrjár kynslóðir (Íris Ellenberger, 2013).

Aðlögun snýst þannig um að tryggja að fólk upplifi sig ekki útilokað. Hún felur í sér þátttöku í samfélaginu, ákvarðanatöku og tilfinningu fyrir því að vera hluti af samfélaginu. Aðlögun þarf að vera samstarf milli innflytjenda og samfélagsins sem tekur á móti þeim. Þar af leiðandi er ómögulegt að aðlaga innflytjendur sem ekki vilja aðlagast.

Samþætting er hugtak sem nær yfir þær breytingar sem eiga sér stað við aðlögun innflytjenda og innfæddra að menningu hvors annars. Leitast er við að samþætta hagsmuni, réttindi og daglegt líf íbúa landsins, þar sem innflytjendur leggja áherslu á að viðhalda eigin menningu og tungumáli.

Þannig mynda innflytjendur tvenns konar menningarlega tilveru sem gerir þeim kleift að öðlast samþættingu og aðlögun í samfélaginu (Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010).

Í mannfræðilegum skilningi á hugtakið samþætting ekki aðeins við aðlögunarferli innflytjenda í nýju samfélagi heldur hefur það víðari skilning. Það lýsir samþættingu einstaklinga inn í samfélagið en það er ferli sem allir verða að fara í gegnum til þess að öðlast viðurkenningu í samfélaginu en til þess að það virki verða meðlimir þess að finna ákveðið jafnvægi eða komast að samkomulagi um hvernig þau ætla að búa saman innan þjóðfélagsins (Olwig og Paerregaard, 2011). Á meðan að samlögun er einstefna þá gengur samþætting í báðar áttir, milli samfélagsins og innflytjenda. Samfélagið þarf því að koma til móts við innflytjendur með því að veita þeim tækifæri til þátttöku í félagslegum, efnahagslegum og stjórnmálalegum grundvelli (Joppke, 2007). Þetta tengist menningarlegri þátttöku og félagslegri samþættingu, eins og fyrri rannsóknir hafa bent á (Putnam, 2001).

Rannsókn Umaña-Taylor and Fine (2004) bendir á að lokastig þjóðernismyndunar einstaklingsins er staðfesting (e. affirmation), þar sem einstaklingurinn hefur kannað samfélagið og tekið viðmið og gildi þess að hluta til sín.

John W. Berry (2005) setti fram fjórar mögulegar aðferðir sem stuðla að menningarbreytingum sem geta leitt til þess að annar eða báðir menningarheimarnir breyti hegðun sinni og væntingum með tilliti til menningaraðlögunar (e. adaptation), aðskilnaðar (e. separation), samþættingar (e. integration), og jaðarsetningar (e. marginalization).

Aðskilnaður felur í sér að einstaklingar hafna ríkjandi menningu í þágu þess að varðveita eigin þjóðerniskennd og forðast samskipti við meirihlutann.

Berry (2005) skilgreinir jaðarmenningu sem aðstæður þar sem einstaklingar missa menningarlega tengingu, hafna bæði eigin menningu og taka ekki upp siði hinnar nýju menningar.

Hugtökin fyrrnefndu aðlögun og samþætting hafa verið mikið notuð í rannsóknum á innflytjendamálum. Í dag er menning sífellt skilgreind sem lifandi fyrirbæri eða síbreytilegt lifandi form sem breytist reglulega eftir því hvaða breytur eru settar inn í mengið.

Aðlögun verður því að vera samstarf innflytjenda og samfélagsins sem tekur á móti þeim þar sem breytur eru margar ef af samþættingu á að verða.

Leiðin að samþættingu og aðlögun innflytjenda er ekki sú að innflytjendur afneiti eigin menningu til að festa rætur í nýju samfélagi. Menning er hluti af sjálfsmynd okkar og fylgir okkur um ókomna tíð og þótt innflytjendur læri tungumálið og aðlagist breyttu landslagi þá er þeirra kjarni ávallt sprottinn úr þeirra menningu. Menningarleg hegðun er hins vegar lærð og getur aðlagast breyttu menningarumhverfi þar sem blöndun á sér stað.

Ákveðnar tilfinningar fylgja því að upplifa nýtt samfélag, menningu og rof á tengslaneti og er það samfélagsins að bjóða innflytjandann velkominn og skapa þeim traust bakland.

Það má því segja að bakland innflytjandans sé ekki mikið til að byrja með og því er mikilvægt að þeir sem til landsins flytja finni sinn stað í samfélaginu og samþætting eigi sér stað. Því verður menning samfélagsins að vera innflytjandanum aðgengileg.

Til þess að innflytjandi upplifi stað sem „heima“ þarf hann að fá tækifæri til að aðlagast breyttu menningarsamfélagi. Til að ná til hans þarf að bæta miðlun upplýsinga, auglýsingar og viðburðir þurfa að höfða til breiðs hóps. Einnig er mikilvægt að skapa tækifæri fyrir innflytjendur til að miðla sinni eigin menningu og að vera þátttakendur í menningu samfélagsins.

Með því skapast möguleiki á að bjóða innflytjendurnar og þeirra menningu velkomna í samfélagið. Blöndun og gagnkvæm aðlögun beggja hópa samfélagsins ætti því að vera til að stuðla að vellíðan allra.


Í rannsókn Angelini, o.fl., (2015) *Life satisfaction of immigrants: Does cultural assimilation matter* var sýnt fram á tengsl á milli lífsánægjustigs innflytjenda sem höfðu náð að aðlagast menningarsamfélaginu og þeirra sem tilheyrðu annarri kynslóð innflytjenda.

Niðurstöðurnar sýndu að bein tengsl eru á milli menningarlegrar aðlögunar og huglægrar vellíðanar innflytjenda, óháð atvinnustöðu, einstaklingsbundnum einkennum, búsetusvæðum eða félagslegum aðstæðum. Erfiðara er fyrir innflytjendur af eldri kynslóðum en yngri að aðlagast menningu samfélagsins og upplifa þeir sig síður sem hluta af samfélaginu. Ef aðlögun þeirra mistekst getur það ýtt undir félagslega einangrun. Aftur á móti getur jaðarsetning ýtt undir sköpunargáfu og þekking þeirra á öðrum menningarheimum getur auðgað menningu samfélagsins og leitt til nýsköpunar (Angelini, o.fl., 2015). Því er mikilvægt að leita að leiðum til að ná til jaðarhópa og huga vel að inngildingu þeirra í menningarstarfseminu.

Rannsókn Angelini, o.fl., (2015) skoðaði hvernig samtvinnun ólíkra þátta samfélagsins getur styrkt samþættingu innflytjenda og bætt líðan þeirra. Í því samhengi hefur verið bent á tengsl menningaraðlögunar og heilsufars; jákvæð samsvörun á milli einstaklings og samfélags getur dregið úr líkum á versnandi andlegri og líkamlegri heilsu (Eyrún Ragnarsdóttir, 2014).

Til að auka vellíðan innflytjenda þarf því að bæta möguleika þeirra á aðgengi að viðburðum, félagastarfi, skipulagningu eða stjórnun og við þá inngildingu eykst vellíðan innflytjandans. Flestir innflytjendur á Íslandi eru karlmenn á aldrinum 30 – 45 ára. Margir þeirra hafa ekki búið erlendis áður en þeir flytja til Íslands og flytja margir með maka og börn. Sem þýðir að börn innflytjandans verða nýir þjóðfélagsþegnar og þurfa því að aðlagast nýrri menningu og gildum.

Þá sýndi rannsóknin fram á að líðan innflytjenda í samfélagi er grunnur þess að innflytjandinn lengi búsetutíma sinn og bentu þau því til stuðnings á tengsl á milli lífsánægjustigs innflytjenda sem voru rótgrónir í samfélaginu og annarrar kynslóðar (barna innflytjenda) (Angelini, o.fl., 2015).



Mynd 1. Myndin sýnir að munur á lífsánægju milli innfæddra og innflytjenda ræðst að hluta af því hversu langt menningarleg aðlögun er komin. Bláa línan vísar til innfæddra Þjóðverja, græna línan vísar til einstaklinga sem upplifa sig sem Þjóðverja og rauða línan vísar í þá sem telja sig ekki tilheyra þýsku þjóðinni.

Ef litið er til annarrar og þriðjukynslóðar innflytjendur þá hafa félagsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að annarrar og þriðju kynslóðar innflytjendur tala oft tungumál samfélagsins sem þeir búa í en eiga það til að missa tengsl við menningu upprunalandsins. Í rannsókn Jurva and Jaya (2008) kom fram að margir innflytjendur af finnskum uppruna í Kanada samsömuðu sig ekki lengur finnskri menningu eða tungumáli en skilgreindu sig engu að síður sem Kanadamenn með finnskan uppruna.

Val á milli upprunamenningar og nýrrar menningar getur reynst börnum erfitt og þau þróa oft með sér menningarblöndu þar sem þau skapa tengsl milli beggja menningarheima (Hanna Ragnarsdóttir, 2011). Þegar litið er til þessara niðurstaðna er mikilvægt að hafa í huga að innflytjendur þurfa að eiga þann kost að viðhalda þeirra eigin menningu og að samþættast menningu landsins sem flutt er í.

Staðan í dag

Í grein Mirru um stöðu innflytjenda á Íslandi kemur fram að staða þeirra hafi batnað samkvæmt MIPEx-vísitölunni (Mirra.is, 2021). 2014 var aðkoma Ísland með verstu aðlögunarstefnuna á Norðurlöndum „og var aðkoma Íslands að samþættingu flokkuð af MIPEx sem innflytjendamál án samþættingar” (Mirra.is, 2021). Það kom til vegna þess að innflytjendur höfðu ekki grunnréttindi til jafningjapátttöku. Aftur á móti hafa nú verið samþykkt lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðerni og önnur um jafna meðferð á vinnumarkaði sem tryggja á heildstæða nálgun í málum samþættingar, örugg grunnréttindi og jöfn tækifæri (Mirra.is, 2021).

Bonet og Négrier (2011) bentu á að evrópskar borgir hafi þurft að endurskoða stefnur sínar vegna fjölgunar innflytjenda. Lögð hefur verið áhersla á manngæsku gagnvart viðkvæmum jaðarhópum, nýsköpun í menningu og listrænni starfsemi innan sögulegra ramma evrópskrar borgar. Aðlögun, inngilding og þátttaka eru því orðin stór markmið í stefnumótun sveitarfélaga og félagasamtaka.

Þá hefur Ísland með stöðugri vinnu og bættri löggjöf séð fram á framfarir í samþættingu innflytjenda (Mirra.is, 2021). En samkvæmt framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025 er þátttaka fólks af erlendum uppruna talin efla fjölbreytileika, auka styrk íslensks samfélags og menningar og stuðla að efnahagslegum vexti. Aðalmarkmið áætlunarinnar er að tryggja samfélag þar sem allir, óháð þjóðerni eða uppruna, geti verið virkir þátttakendur (Alþingi, 2022).

Þriðji kafli

Sveitarfélagið Hornafjörður

Í Sveitarfélaginu Hornafirði bjuggu 2487 manns í ársbyrjun 2024, þar af voru 664 innflytjendur eða 26,7%, eða rétt rúmlega fjórðungur. Af þessum fjórðungi voru 353 karlmenn og 311 konur. Innflytjendurnir voru af 41 þjóðerni (Byggðastofnun, 2024). Þar sem fjórðungur samfélagsins á ekki rætur sínar að rekja til Íslands er þátttaka þeirra í samfélaginu afar mikilvægur hluti af menningu svæðisins.

Sveitarfélagið er víðfeðmt, fallegt og strjálbýlt, þar er mikil náttúrufegurð og myndi það flokkast sem einangrað samfélag við sjávarsíðuna. Sjávarútvegur og ferðaþjónusta eru helstu atvinnugreinarnar á svæðinu (Ragnhildur Jónsdóttir, 2022; sjá einnig Saga Huld Helgadóttir, 2013). Ferðaþjónustan er ört vaxandi atvinnugrein og hefur nú orðið einn stærsti atvinnuvegur sveitarfélagsins. Þrátt fyrir það er skortur á starfsfólki í sveitarfélaginu, enda hefur atvinnuleysi lengi verið lágt eða í kringum 1-2% (Magnús Hlynur Heiðarsson, 2022). Ferðamenn hafi hingað helst komið yfir sumarmánuðina en nú sé svo komið að ferðamannaiðnaðurinn er farinn að teygja arma sína yfir í vetrarmánuðina sem kallar á starfsfólk allt árið um kring.

Spyrja má hvort menning geti breytt stuttri dvöl yfir sumarmánuðina í langtímabúsetu og orðið brú á milli skammtíma- og langtímadvalar.

Sterk tenging við menningu getur gegnt lykilhlutverki í að mynda tengsl við samfélagið, sem getur orðið til þess að innflytjandinn velji að setjast þar að. Þá skiptir máli hvernig íbúar sjá samfélagið sitt, hvaða hlutverki þeir gegna í menningarlífi þess og hvernig tekið er á móti nýjum íbúum. Þar sem samfélagið er fámennara en víða annars staðar eru innri tengsl þar sterk sem getur gert það erfiðara fyrir nýja íbúa að mynda tengingar.

Sveitarfélagið Hornafjörður státar af fjölbreyttu og blómlegu menningarlífi sem styrkist af virkri þátttöku einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja. Íbúar upplifa sterka tengingu við náttúrufegurð svæðisins sem hvetur til sköpunar. Menningarlífið á sér þungamiðju í starfsemi ýmissa félagasamtaka, tónlistarfólks, kóra, leikfélaga, gallería, listamannastofa, stofnana og veitingahúsa. Hornafjörður býður upp á fjölmarga árlega viðburði, þar á meðal Humarhátíð á Höfn, Þorablót, Góuhóf í hverri sveit og sjómannadagshátíð. Einnig er haldin árleg blúshátíð þar sem tónlistarmenningin fær að njóta sín. Árshátíðir Grunnskóla Hornafjarðar og Hofgarðs gleðja heimamenn með leik, söng og veglegum skreytingum nemenda skólanna (Valgeir Skagfjörð, 2022).

Menningarmiðstöðin á Hornafirði rekur sex söfn sveitarfélagsins, þar sem skráning og varðveisla menningararfsins fer fram. Þar fá innlendir og erlendir gestir innsýn í sögu, listir og menningu svæðisins. Fjölmargir viðburðir eru á vegum miðstöðvarinnar þar sem áhersla er lögð á menntun, ígrundun og gleði, með það að markmiði að fylla anda íbúa og gesta með menningar- og fræðsluefni sem endurspeglar menningararf Austur-Skaftafellssýslu. Sérstök áhersla er á barna- og fjölmenningu með aðgengi og inngildingu að leiðarljósi. Dagleg dagskrá miðstöðvarinnar felur í sér viðburði, samkomur og klúbbastarf sem öllum stendur til boða að taka þátt í. Markmiðið er einnig að ná til jaðarhópa og matarmenningarkvöld eru gott dæmi um það, þar sem einstaklingar af ólíkum menningarbakgrunni kynna sína menningu.

Aðferðafræði

Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginðlegum og eigindlegum aðferðum sem beitt var í rannsókninni. Fjallað verður um framkvæmd rannsóknarinnar, hvernig gagnaöflun fór fram, hvernig úrvinnsla þeirra var og túlkun. Að því loknu verður farið yfir mögulegar takmarkanir, siðferðisleg álitamál og hagnýtingu rannsóknarinnar.

Markmið rannsóknarinnar og tilgangur

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á menningarneyslu innflytjenda og hvernig menning getur stuðlað að ánægju þeirra í sveitarfélaginu. Tilgangurinn er að kanna hvort menning geti haft áhrif á búsetutíma innflytjenda í sveitarfélaginu.

Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: Innflytjendur og menning: Geta menningarviðburðir, íþróttastarf og félagastarf haft áhrif á búsetulengd innflytjenda?

Aðferð

Við gagnaöflun var beitt blandaðri aðferð þar sem eigindlegum og meginðlegum aðferðum var fléttað saman til að veita betri yfirsýn yfir rannsóknina. Reynsla mín sem forstöðumaður og annarra starfsmanna sveitarfélagsins af því að leggja spurningalista fyrir í sveitarfélaginu er sú að svörun hefur verið lítil og erfitt hefur reynst að ná til innflytjenda. Því hentar þessi aðferð sérstaklega vel við að rannsaka viðfangsefnið.

Til að bæta aðgengi að þátttakendum var stuðst við tillögur sem komu fram í rannsókninni Blukacz, A o.fl. (2023) *Promoting the Participation of „Hard-to-Reach” Migrant Populations in Qualitative Public Health Research during the COVID-19 Pandemic in Chile*.

Þar var bent á að áhrifaríkustu leiðirnar til að ná til innflytjenda sem erfitt er að nálgast væru:

1. Að vinna með meðlimum samfélagsins og nýta tengslanet þeirra.
2. Að vinna með félagasamtökum og stuðningsskrifstofum innflytjenda.
3. Að vinna með fjölmennningarlegu teymi og ráðgjöfum frá mismunandi löndum til að tryggja fjölbreyttari þátttöku.

Rannsóknin bendir einnig á að nýta megi síður innflytjenda og samfélagsmiða sem þegar eru til staðar til að kynna rannsóknina (Blukacz, 2023).

Úrtak og gaganaöflun

Til að tryggja dýpri og nákvæmari niðurstöður var notuð blönduð aðferð eins og áður hefur komið fram. Spurningalistar voru settir á netið en þeir gefa ekki alltaf nægilega skýra mynd af stöðu innflytjenda í samfélaginu. Því var einnig stuðst við viðtalsrannsóknir sem hafa þann kost að veita dýpri innsýn. Creswell o.fl. (2007) benda á að kostir blandaðrar aðferðar felist í því að hægt sé að þróa nákvæmari spurningalista þar sem viðtækari og betri skilningur næst á viðfangsefninu.

Helsti styrkleiki blandaðrar aðferðar er að nýta má kosti beggja aðferðanna og draga þannig úr takmörkunum hvorrar þeirra fyrir sig. Með þessu móti fæst heildstæðari mynd af bæði tölulegum upplýsingum og mannlegri upplifun. Þá gerir blönduð rannsóknaraðferð rannsakanda kleift að bera saman eigindleg og megingindleg gögn og geta eigindleg gögn þar af leiðandi hjálpað til við að túlka tölulegar niðurstöður (Johnson o.fl., 2007).

Megindleg rannsókn

Til að ná til sem flestra var spurningalistinn þýddur á pólsku og ensku og svo lagður fram á pólsku, ensku og íslensku. Listanum var deilt á Facebook-síðum ætluðum innflytjendum auk þess sem prentuð voru plaggöt og þeim dreift á fyrirtæki og hótél í sveitarfélaginu. Þá var gengið í hús til að hvetja til þátttöku. Nokkur dreifing fór fram í gegnum samskiptaforrit þar sem fjölskyldumeðlimir og vinir deildu könnuninni sín á milli. Spurningalistinn var opinn í tvo mánuði og alls svöruðu 48 manns. Eins og fyrr hefur komið fram er þátttaka innflytjenda í könnunum sveitarfélagsins almennt lítil en höfundur byggir þessa ályktun á fyrri reynslu sem starfsmaður Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Uppbygging spurningalista

Spurningalistinn innihélt samtals 41 spurningu og voru flestar þeirra settar upp á fimm arma Likert-kvarða en þó voru nokkrar byggðar á tvískiptum könnunarkvörðum.

Markmið listans var að meta menningarsókn innflytjenda, tungumálakunnáttu þeirra og þátttöku í tungumálakennslu. Einnig var spurt um persónulega hagi og þátttöku barna í menningu og félagastarfi.

Þátttakendur mátu meðal annars hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingum um menningarsókn, fjölbreytni viðburða, aðgengi, tungumál og hvort menning gæti stuðlað að lengri búsetu í sveitarfélaginu. Spurningalistinn skiptist upp í fimm hluta og var fyrsta hlutanum ætlað að fá skýra mynd af bakgrunni þátttakenda. Öðrum hlutanum var ætlað að fá metið hversu virkir þátttakendur eru í menningarstarfi. Í þriðja hlutanum var kannað viðhorf þátttakenda til félagslegrar blöndunar og samskipta þar sem metið var hve mikil félagsleg blöndun svarendum þykir í sveitarfélaginu og hve mikil þátttaka þeirra er í menningarviðburðum. Í fjórða hlutanum var spurt út í þátttöku barna í menningu og að lokum í fimmta hlutanum var könnuð færni þátttakenda í íslensku og menntunarstig. Við gerð spurninganna var stuðst við mælitæki um „self-reported“ tungumálakunnáttu sem notað var við gerð ritsins *Samfélög án aðgreiningar: Aðlögun innflytjenda á Íslandi* (2023). Skoðaðar voru rannsóknir sem tengdust viðfangsefninu og spurningarnar unnar til að ná fram þeim breytum sem leitast var við að fá eða „Geta menningarviðburðir, íþróttastarf og félagastarf haft áhrif á búsetulengd innflytjenda?

Úrtak og túlkun gagna

Þýðið í þessari rannsókn var innflytjendur í sveitarfélaginu. Engar takmarkanir voru settar varðandi aldur, kyn, menntun eða aðra bakgrunnsþætti og engin svör voru útilokuð við úrvinnslu gagna. Þýðið var því túlkað sem hentileikaúrtak (e. convenience sample) þar sem úrtakið samanstóð af þeim einstaklingum sem rannsakandinn gat nálgast á auðveldastan hátt. Samkvæmt Golzar o.fl. (2022) er hentileikaúrtak aðferð sem gerir rannsakandanum kleift að ná til fjölbreytts hóps þátttakenda. Þó svo að hentileikaúrtak þyki hentug leið til að ná til breiðs hóps fylgja því takmarkanir þar sem ekki er hægt að tryggja að einn hópur verði ekki stærri en annar. Rannsakandinn hefur þar af leiðandi ekki stjórn á því hverjir ákveða að taka þátt og getur þetta haft áhrif á aldursdreifingu, kynjahlutföll og aðra lýðfræðilega þætti.

Tafla 1. Kyn þátttakenda

Karl	19	40%
Kona	28	58%
Annað	1	2%

Konur voru í meirihluta svarenda eða 58%, karlar 40% og annað 2%. Þó eru karlar í meirihluta innflytjenda í sveitarfélaginu.

Tafla 2. Hjúskaparstaða þátttakenda.

Einstæð/ur	14	29,17%
Gift/ur	15	31,25%
Í sambúð	14	29,17%
Annað	5	19,42%

Þátttakendur voru að meirihluta giftir eða í sambúð 60% Einstæðir þátttakendur voru 29% og 10% töldu sig falla í annan flokk.

Eigindleg rannsókn

Í eigindlegri rannsókn er lögð áhersla á að lýsa og skilja mannlegt eðli og þá er markmið viðtala að öðlast djúpa innsýn í ákveðið viðfangsefni. Rannsóknin byggir á viðtölum við einstaklinga eða hópa með umræðuramma til hliðsjónar og er viðtalinu ætlað að svara rannsóknarspurningunni sem samtalið er lagt upp með (Félagsvísindastofnun, ed).

Kynning á viðmælendum

Viðmælendur voru valdir af handahófi og voru tveir karlmenn og fimm konur, öll höfðu þau búið um tíma í sveitarfélaginu í allt frá þremur mánuðum upp í þrjú ár. Þau fengu öll greinargóð nöfn til að gæta trúnaðar og koma þau fram í töflu 3.

Tafla 3. Yfirlit yfir viðmælendur, aldur, kyn og búsetutíma.

Nafn	Kyn	Aldur	Búsetutími.
A	KK	26	5 mánuðir
B	Kk	18	11 mánuðir
C	Kvk	28	6 mánuðir
D	kvk	47	4 ár
E	kvk	38	2 ár
F	kvk	29	1,5 ár
G	kvk	27	3 mánuðir

Viðtöl

Til að öðlast dýpri skilning á menningarneyslu innflytjenda og afstöðu þeirra til menningar í Sveitarfélaginu Hornafirði voru viðtöl tekin við innflytjendur til að rýna í upplifanir þátttakenda rannsóknarinnar (Braun og Clarke, 2013).

Við val á þátttakendum var notast við markmiðsúrtak (e. Purposive sampling) en þar er markmiðið að velja viðmælendur sem uppfylla markmið rannsóknarinnar og tengjast því (Tongco, Dolores C., 2007). Meginskilyrði fyrir þátttöku í eigindlegu rannsókninni var að þátttakendur væru innflytjendur sem höfðu ekki búið í sveitarfélaginu lengur en í 5 ár. Allir þátttakendur svöruðu spurningunum sem lagðar voru fyrir þá.

Viðtölin voru tekin á tímabilinu 6. ágúst til 22. ágúst og voru þau tekin upp stafrænt á upptökutæki og vistuð þar. Stuðst var við viðtalsramma sem var hálfopinn (e. semi-structured interviews) til að hvetja viðmælendur til samræðna við rannsakandann.

Einn helsti ávinningur hálfopinna viðtala er að það gerir rannsakanda kleift að halda samtalinu skipulögðu en gefur jafnframt rannsakanda nægjanlegt svigrúm til að kanna frekar það sem kemur fram í viðtalinu. Þetta getur leitt til dýpri skilnings á viðfangsefninu og hvernig það er metið (Adeoye- Olatunde og Olenik, 2021).

Viðtölin hófust með spurningum um hagi svarenda og bakgrunnsupplýsingar. Þar á eftir tóku við opnar spurningar um upplifun þeirra á menningu í sveitarfélaginu, aðgengi að menningu, tækifæri og þátttöku í félagastarfsemi, íþróttum og listum. Viðtölin tóku að meðaltali 15 mínútur og gafst viðmælendum tækifæri á að tjá skoðanir og óskir meðan á viðtalinu varði. Margvísleg svör koma fram í viðtalsrannsóknum en rannsakandinn stefnir þó alltaf að kjarna málsins, ekki að bera saman svör né að fá rétt svar við spurningunni. Niðurstaðan byggir því á þekkingu rannsakandans og túlkun gagnanna sem safnað var. Samkvæmt Braun og Clarke (2013) eru eigindlegar rannsóknir viðtalsrannsóknir sem gerðar eru til að skilja fyrri reynslu og tilfinningar en ferlið krefst trúverðugleika og áreiðanleika.

Öll fengu þau lýsingu á rannsókninni, undirrituðu upplýst samþykki fyrir notkun upplýsinga sem komu fram í viðtölunum og var þeim öllum þakkað fyrir þátttökuna.

Opnar spurningar voru lagðar fyrir viðmælendur og var þeim frjálst að bæta við þær það sem þeim þótti mikilvægt og varðaði rannsóknarefnið. Viðtölin voru afrituð og greind og niðurstöður settar fram í texta með tilvitnunum í viðmælendur.

Skráning og úrvinnsla gagn

Gagnagreing meginlegra gagna

Spurningalistinn var settur fram í júní 2024 og í honum kom fram í inngangi listans lýsing á rannsókninni sem unnið var að, upplýsingar um rannsakanda og leiðbeinanda. Þá kom einnig fram að svör við spurningunum væru órekjanleg og að þátttaka væri ekki skyldug og hægt væri að hætta þátttöku hvenær sem er í ferlinu.

Við mat á áreiðanleika (e. reliability) eigindlegrar rannsóknar er mikilvægt að átta sig á hvers konar spurningu eða vandamál eigindleg rannsókn er hönnuð til að takast á við (Merriam, 1995). Þá er réttmæti rannsóknar (e. validity) notað til að meta hversu vel tiltekin rannsókn gerir það sem hún er hönnuð til að gera (Merriam, 1995). Hugmyndir um réttmæti og áreiðanleika þurfa því að skoðast í ljósi þeirrar hugmyndafræði sem liggur henni til grundvallar.

Ef markmiðið er að þróa tilgátur fremur en að sannreyna þær, ef ætlunin er að öðlast skilning á fyrirbæri frekar en að hafa áhrif á það og ef áherslan er lögð á sjónarmið þátttakenda frekar en rannsakandans sjálfs þá þarf að leggja áherslu á aðra nálgun við mat á framkvæmd og spyrja annarra spurninga (Merriam, 1995).

Alls svöruðu 48 manns spurningalistanum sem telst ekki nógu stórt úrtak til að draga ályktun um þýðið. Þar af leiðandi er ekki hægt að tryggja að verði rannsóknin endurtekin að sömu niðurstöður fengjust að öllu leyti og því telst rannsóknin ekki áreiðanleg en gefur aftur á móti nákvæmar upplýsingar um hópinn sem rannsakaður var.

Tafla 4. Aldursbili þátttakenda.

19 ára eða yngri	2	4,17%
20 til 24 ára	7	14,58%
25 til 29 ára	15	31,25%
30 til 34 ára	5	10,42%
35 til 39 ára	9	18,75%
40 ára eða eldri	10	20,83%

Aldursbili þátttakenda var skipt þannig að yngri en 29 ára voru 50% og eldri en 30 ára voru 50%, en stærsti svarendahópurinn var á 25 - 29 ára.

Nokkuð jöfn skipting var á milli hópa 30 til 40 ára og eldri þegar þátttaka er borin saman við tölur mælaborðs Byggðastofnunar um skiptingu aldurs meðal innflytjenda í sveitarfélaginu. Stærsti hópur innflytjenda í því er 30 - 39 ára og næststærsti hópurinn er 20 - 29 ára en í þeim hóp eru flestar konur. (Byggðastofnun, 2024).

Þá er það einnig hópurinn sem sendi inn flest svörin og því er ekki hægt að halda því fram að mikil skekkja sé til staðar í innsendum svörum.

Tafla 5. Búsetulengd svarenda.

Ég hef ekki búið annarsstaðar	4	8,33%
1 til 2 ár	21	43,75%
3 til 5 ár	4	8,33%
6 til 10 ár	8	16,67%
11 til 20 ár	10	20,83%
Meira en 20 ár	1	2,08%

Flestir svarenda höfðu búið í sveitarfélaginu í 1-2 ár eða 44% þá hafði næststærsti hópurinn, 21% búið í sveitarfélaginu í 11 - 20 ár. Eins og fyrr hefur komið fram voru konur í meirihluta svarenda eða 58% á meðan karlar voru 40% og 2% skilgreindu sig annað. Áhugavert er að fleiri konur eru á meðal svarenda þar sem karlmenn eru í meirihluti innflytjenda og gefur þetta til kynna að konur séu hugsanlega virkari að taka þátt í rannsóknum eða samfélagslegum viðburðum.

Flestir þátttakenda voru annaðhvort giftir eða í sambúð eða 60% samanlagt en einstæðir 28% og 10% féllu í annan flokk. Það bendir til þess að hjúskaparstaða styðji við inngildingu og félagslegan stöðugleika innflytjenda. Hvað varðar búsetu höfðu 44% búið í sveitarfélaginu í 1-2 ár sem bendir til að mikið af innflytjendum staldri við í skemmri tíma og koma vegna tímabundinna verkefna. Þá höfðu 21% þátttakenda búið í sveitarfélaginu í 11-20 ár sem gæti sýnt fram á að ákveðinn hluti innflytjenda velur að setjast að til lengri tíma.

Gagnagreining eigindlegragagna

Greining ganga viðtalanna var gerð með þemagreiningu og þar var stuðst við þemagreiningu (Braun og Clarke, 2013). Gögnin voru afrituð og rýnd til að koma auga á munstur í þeim. Þau voru öll lesin, með rannsóknarspurninguna í huga og athugað hvaða sýn viðmælandi hefði á málefninu og viðtalsefninu. Gefinn var lýsandi litakóði eftir innihaldi og voru kóðarnir þar næst flokkaðir saman.

Textinn var því næst klipptur til og þema myndað með innihaldi gagnanna. Var þessari aðferð beitt við öll viðtölin. Því næst voru gögnin yfirfarin aftur og þá var leitað eftir undirþemum innan meginþema rannsóknarinnar.

Í leit að svörum við spurningunni *Hefur menning áhrif á búsetulengd innflytjenda?* var leitað að þemum í viðtölunum sem gætu best skýrt málefni rannsóknarinnar og þau sjónarmið sem komu fram í viðtölunum. Þemurnar voru bornar saman við kenningar sem til eru um efnistökin en Strauss og Corbin (1998) segja að samanburður færi út eiginleika sem aftur er hægt að nota til að skoða atvik eða hluti í gögnum. Fræðilegur samanburður er verkfæri sem er hannað til að aðstoða sérfræðinginn við að komast að skilgreiningu eða skilningi á viðfangsefninu með því að skoða innihaldið.

Rannsakandinn

Í blandaðri aðferð gegnir rannsakandinn fjölpættu og sveigjanlegu hlutverki þar sem hann þarf að sameina eigindlegar og meginlegar aðferðir til að öðlast heildræna sýn á viðfangsefnið. Hann skilgreinir lykilspurningar rannsóknarinnar og velur þær rannsóknaraðferðir sem eru best fallnar til að svara því sem rannsókninni er ætlað að svara (Tashakkori og Teddlie, 2010).

Rannsakandinn hefur starfað við menningarstarfsemi í Sveitarfélaginu Hornafirði í 7 ár og hefur góða innsýn í starfsemi menningar þar. Því var leitast við að gæta hlutleysis í viðtölunum og að leyfa ekki fyrri reynslu rannsakanda á menningarmálum í sveitarfélaginu að lita viðtölin við viðmælendur. Viðmælendur fengu tækifæri til að tjá sína reynslu af menningu eins og hún lá fyrir þeim og átti rannsakandi auðvelt með að skilja hvaða menningarlegu reynslu rætt var um í viðtölunum.

Takmarkanir rannsóknar

Í þessari rannsókn var notast við lítið úrtak, þar sem sjö viðmælendur tóku þátt og 48 manns svöruðu spurningalistanum. Takmarkanir rannsóknarinnar felast því í stærð úrtaksins og svarhlutfalli, sem leiðir til þess að ekki er hægt að alhæfa niðurstöðurnar. Hins vegar gefur rannsóknin ákveðnar vísbendingar sem auka skilning á þeim þáttum sem hafa áhrif á menningarneyslu innflytjenda og á það hvort menning geti stuðlað að lengri búsetutíma þeirra í sveitarfélögum.

Samþykki og siðferðileg atriði

Í eigindlegum rannsóknum er mikilvægt að afla nauðsynlegra leyfa og upplýsts samþykkis allra þátttakenda sem þýðir að þátttakendur rannsóknarinnar fái ítarlegar upplýsingar um markmið og tilgang rannsóknarinnar og einnig að þeirra framlag sé nafnlaust. Samþykki þátttakendur þátttöku í rannsókninni þá fyrst hefst rannsóknarvinnan.

Leitað var á helstu vinnustöðum innflytjenda í sveitarfélaginu eftir þátttakendum. Til að auðvelda málin var rætt við yfirmenn innflytjendanna og leyfi fengið fyrir viðtölum á vinnutíma þeirra þar sem viðmælendur búa margir fyrir utan Höfn. Þátttakendum var gert ljóst að þeir þyrftu ekki að svara öllum spurningunum sem voru 26 samtals og mættu hætta þátttöku hvenær sem er í ferlinu.


Niðurstöður

Hér koma fram niðurstöður meginlegrar og eigindlegrar rannsóknar þar sem rannsóknunum verður blandað saman til að fá skýra mynd af niðurstöðum þeirra. Í töflunum verður farið yfir lífssýn og framtíðarplön svarenda, áhrif menningar á búsetuákvörðanir, aðgengi og samfélagsviðhorf. Þá verður farið yfir þátttöku barna í menningar-, íþrótt- og félagastarfsemi. Að lokum er þátttaka í íslenskunámskeiðum og viðhorf til tungumálakunnáttu og ánægja með búsetu og búsetuákvörðanir innflytjenda skoðaðar.

Lífssýn og framtíðarplön innflytjenda

Áætluð dvalarlengd á Íslandi og löngun til að setjast að í sveitarfélaginu.


Tafla 6. Hversu lengi telur þú að þú munir dvelja á Íslandi?



Viðmælendur eigindlegru rannsóknarinnar voru spurðir um löngun til að setjast að í sveitarfélaginu og voru svörin fjölbreytt. Þeir nefndu dvalartíma frá sex mánuðum og allt upp í varanlega búsetu. Þó gaf meirihluti svarenda til kynna að þeir myndu dvelja í sveitarfélaginu í minna en ár. Eins og sjá má í töflu 8 var munur á niðurstöðum meginlegru rannsóknarinnar þar sem 65% svarenda ætluðu sér að dvelja lengur en 5 ár, 15% minna en ár, 6% eitt ár og 13% tvö ár.

Tafla 7. Viltu setjast að í sveitarfélaginu?

● Já	14
● Nei	10
● Veit ekki	24




Þegar svarendur voru spurðir hvort þeir myndu vilja setjast að í sveitarfélaginu til frambúðar svöruðu 29% svarenda já, 21% nei en 50% voru óvissir. Í eigindlegu rannsókninni svöruðu viðmælendur með varfærni en flestir sögðust geta hugsað sér að setjast að til lengri tíma. Svörin voru á borð við: „Já um tíma“, „ég er ekki viss, er ánægður hér núna“, „nei ekki eins og er“.

Aðgengi að menningar- og félagastarfi og menningarsókn

Greining á heimsóknum í menningarstofnanir, þátttöku í viðburðum og viðhorfum til aðgengis að menningarviðburðum og félagastarfi ásamt hindrunum.

Tafla 8. Að meðaltali, hve oft heimsækir þú menningarstofnanir í Sveitarfélaginu Hornafirði á mánuði?

● Aldrei	8
● 1 sinni	6
● 2 sinnum	7
● 3 sinnum	7
● 4 sinnum	4
● Oftar	13
● Other	1




Næstu spurningar sneru að menningarsókn, svarendur voru spurðir um tíðni heimsókna á menningarstofnanir, svo sem listasafn, bókasafn eða íþróttamiðstöðvar. Niðurstöður sýndu að 17% sóttu það aldrei, 12-15% sóttu stofnanir 1-3 á mánuði, 8,33% fóru 4 sinnum en 27% oftari en 4 sinnum á mánuði.

Í eigindlegu rannsókninni sögðust flestir viðmælendur vera ánægðir með að fara út á meðal fólks, sérstaklega á staði eins og bókasafnið, sundlaugina og íþróttamiðstöðvar og þá ræddu nokkrir viðmælendur um að sækja barinn reglulega.

Þeir sóttu menningarstofnanir að meðaltali 2-3 í viku en tóku fram að opnunartímar samræmdust oft ekki vinnutíma þeirra sem skapaði hindranir.

Tafla 9. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með aðgengi að menningarviðburðum og félagastarfi í Sveitarfélaginu Hornafirði?



Þegar spurt var um aðgengi að menningarviðburðum og félagastarfi, voru 50% mjög eða frekar sáttir, 33% hvorki né sáttir og 17% frekar eða mjög ósátt.

Viðmælendur lýstu almennt ánægju með aðgengi og töldu sig fá gott tækifæri til þátttöku í menningarlífinu í sveitarfélaginu og fannst þeim vel tekið á móti þeim.

Tafla 10. Finnst þér þú alltaf eða aldrei eiga kost á því að taka þátt í menningarstarfsemi eins og list-, íþrótt-, eða félagsviðburðum í Sveitarfélaginu Hornafirði?



Þegar svarendur voru spurðir hvort þeim gæfist kostur á því að taka þátt í menningarstarfsemi eins og list-, íþrótt-, eða félagastarfi í Sveitarfélaginu Hornafirði svöruðu 35% að þeir tækju alltaf eða oft þátt, 33% stundum og 33% sjaldan og aldrei. Einn viðmælandi nefndi þó að tungumálaörðugleikar hindruðu hann í þátttöku þar sem hann ætti erfitt með að skilja viðfangsefnið. Annar viðmælandi nefndi að opnunartímar bókasafnsins væru óheppilegir með tilliti til vinnutíma hans sem takmarkaði möguleika hans til að nýta sér þjónustu þess.

Þessar niðurstöður benda til þess að breyttir opnunartímar gætu bætt aðgengi að stofnunum, sérstaklega fyrir fólk sem vinnur á óhefðbundnum tímum.

Tafla 11. Myndir þú vilja taka frekari þátt í íþróttá-, félags- eða menningarstarfsemi í Sveitarfélaginu Hornafirði?




Þegar spurt var hvort svarendur myndu vilja taka frekari þátt í félags-, íþróttá- eða menningarstarfsemi, sögðu 80% já og 20% nei. Aftur á móti svöruðu allir viðmælendur í eigindlegu rannsókninni að þeir myndu vilja taka frekari þátt, einkum íþróttum, tungumálanámskeiðum og menningarviðburðum. Þetta gefur til kynna að fleiri og fjölbreyttari viðburðir og aukið framboð á tungumálanámskeiðum gætu ýtt undir enn meiri þátttöku innflytjenda í menningarlífi sveitarfélagsins.

Menningarmál innflytjenda

Í þessum kafla var spurt um viðhorf til menningartengds starfs og hversu vel talið er að staðið sé að menningarmálum fyrir innflytjendur.

Tafla 12. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum:


Félagasamtök eins og íþróttafélög, leiklistarfélög eða kórar geta gert betur í menningarmálum innflytjenda í Sveitarfélaginu Hornafirði?



Þegar svarendur voru spurðir hvort félagasamtök eins og íþróttafélög, leiklistarfélög eða kórar gætu gert betur í menningarmálum innflytjenda í Sveitarfélaginu Hornafirði sögðu 56% að þeir væru mjög eða frekar sáttir, 13% frekar eða mjög ósáttir og 30% hvorki sáttir né ósáttir. Þetta gefur til kynna að þó að meirihlutinn sé ánægður þá sé ákveðinn hópur sem telur að félagasamtökin geti gert betur til að stuðla að innflytjendaþátttöku og stuðningi.


Tafla 13. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum:

Menningarstofnanir geta gert betur í menningarmálum innflytjenda í Sveitarfélaginu Hornafirði?



Svipaðar niðurstöður komu fram þegar spurt var um hvort menningarstofnanir gætu gert betur; 60% voru mjög og frekar sátt, 33% hvorki sáttir né ósáttir, og 7% frekar og mjög ósátt. Þessar niðurstöður benda til þess að þó að almenn ánægja sé með starfsemi menningarstofnana sé svigrúm til umbóta.

Tafla 14. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með úrval menningarviðburða í Sveitarfélaginu Hornafirði?




Þegar spurt var um viðhorf til úrvals af menningarviðburðum í sveitarfélaginu voru 33% mjög eða frekar sáttir, 44% hvorki sáttir né ósáttir og 22% frekar eða mjög ósáttir. Svör viðmælenda endurspegluðu þessi svör að einhverju leyti. Þrír voru ánægðir, þrír voru hvorki sáttir né ósáttir og einn var óviss þar sem hann hafði búið stuttan tíma á landinu en hann hafði heyrt að það væri lítið að gera. Þó tók enginn fram að hann væri alfarið ósáttur við menningarframboðið. Niðurstöðurnar benda til þess að þrátt fyrir ánægju meðal margra sé svigrúm til að bæta framboð menningarviðburða og gera menningarstofnanir og félagasamtök betur í stakk búin til að mæta þörfum innflytjandans. Slíkar bætur gætu stuðlað að meiri félagslegri þátttöku og dýpri tengslum við samfélagið.

Menningarblöndun og samfélagsviðhorf.

Hér á eftir er litið á viðhorf til menningarlegrar blöndunar og sýn á einstaka menningarhópa í sveitarfélaginu.

Tafla 15. Hversu mikil eða lítil menningarleg blöndun þykir þér eiga sér stað í Sveitarfélaginu Hornafirði?


● Mjög mikil ● Mikil ● Hvorki/né ● Lítil ● Mjög lítil



Almennt var menningarleg blöndun talin vera góð í samfélaginu, 47% sögðu hana vera mikla eða mjög mikla, 30% voru hvorki sammála né ósammála og 23% töldu menningarblöndunina vera litla eða mjög litla.

Tafla 16. Tekur þú meira eftir menningu eins hóps innflytjenda en annars í Sveitarfélaginu Hornafirði?

● Já 17
● Nei 27



Þegar spurt var hvort svarendur tækju sérstaklega eftir menningu ákveðinna innflytjendahópa sögðust 39% gera það en 61% tóku ekki eftir henni.

Þar sem spurningin var opin gafst svarendum tækifæri á að benda á hvaða menningu þeir tækju helst eftir og meirihluti þeirra sem svöruðu nefndu pólska menningu.

Í eiginlegu viðtölunum tók einungis einn viðmælandi fram að hann tæki ekki eftir menningu eins hóps umfram annan. Aðrir viðmælendur sögðust taka helst eftir pólskri menningu í takt við niðurstöður megindlegu rannsóknarinnar.

Niðurstöður úr töflum 18 og 19 og viðtölunum benda til þess að meirihluti þátttakenda upplifi menningarlega samþættingu í sveitarfélaginu þó að hluti svarenda sjái rými til aukinnar blöndunar.

Þegar spurt var hvort svarendur hefðu fengið heimboð frá Íslendingum sögðust 70% hafa fengið slíkt boð, á meðan 76% höfðu boðið Íslendingum heim til sín.

Viðmælendur í viðtölunum sögðust einnig í 76% tilvika hafa boðið Íslendingum í heimsókn og 86% höfðu fengið heimboð frá Íslendingum. Þetta bendir til jákvæðra samskipta á milli hópanna og góðra menningarlegra tengsla þeirra á milli.

Börn og menning í sveitarfélaginu.


Þátttaka barna innflytjenda í menningar-, íþrótt- og félagastarf og viðhorf til aðgengis. Í næsta hluta könnunarinnar var spurt um menningar- og félagastarf ætlað börnum. 37% þeirra sem svöruðu könnuninni áttu börn. Af þeim höfðu 88% kynnt sér menningar-, íþrótt- eða félagastarf sem ætlað er fyrir börn í sveitarfélaginu en 12% höfðu ekki kynnt sér það. Það gefur til kynna að menningarstarf ætlað börnum sé vel kynnt en rúm sé til úrbóta.

Tafla 17. Hefur þú / barnið þitt sótt menningar-, íþrótt- eða félagastarf ætlað börnum í Sveitarfélaginu Hornafirði síðastliðið ár?




Þá höfðu 82% barna svarenda tekið þátt en 18% höfðu ekki tekið þátt í þeim störfum sem nefnd voru. Einn viðmælendanna í viðtölunum átti börn í sveitarfélaginu og var viðmælendinn búinn að kynna sér menningarstarf ætlað börnum og þau höfðu tekið þátt. Viðmælendinn var 75% ánægður með menningar-, íþrótt-, og félagastarf ætlað þeim. Hann taldi þó vanta meira félagastarf fyrir börn vegna einangrunar sveitarfélagsins. Flest börnin voru þátttakendur í starfi Menningarmiðstöðvarinnar, þar á eftir komu íþróttir og sundlaugin.

Tafla 18. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með menningarstarf ætlað börnum í Sveitarfélaginu Hornafirði?




Þegar spurt var um ánægju með menningarstarf ætlað börnum voru 18% mjög sáttir, 41% frekar sáttir, 41% hvorki né. Þá má sjá að enginn merkti við frekar- eða mjög ósáttur.

Tafla 19. Hversu sátt/ur eða ósáttur ertu með íþróttastarf ætlað börnum?



Svipuð niðurstaða kom fram þegar spurt var um íþróttastarf. 18% voru mjög sáttir, 41% frekar sáttir og 41% hvorki sáttur né ósáttur.

Tafla 20. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með félagastarf ætlað börnum?



Þegar spurt var um ánægju með félagastarf fyrir börn voru 12% mjög sáttir, 36% frekar sáttir, 41% hvorki né, 11% frekar ósáttir og enginn lýsti sig mjög ósáttan. Þessar niðurstöður benda til þess að almennt ríki ánægja með framboð á menningar- og íþróttastarfi fyrir börn, þó að einhverjir telji svigrúm til að auka félagastarf í sveitarfélaginu.

Íslenskunámskeið og menningaraðgengi.

Menntunarstig svarenda í rannsókninni sem og viðmælenda í viðtölum var mismunandi. Þó var stór hluti þeirra sem svöruðu með háskólagráðu; fimm af viðmælendum í viðtölunum voru með háskólagráðu og tveir þeirra voru með grunnskólapróf. Af þeim sem svöruðu rannsókninni voru 2% með grunnskólapróf, 48% með menntaskóla- eða sambærilega menntun og 50% höfðu háskólagráðu.

Tafla 21. Hversu oft hefur þú sótt íslenskunámskeið?




Þegar spurt var um fjölda íslenskunámskeiða sem svarendur höfðu sótt sögðust 53% aldrei hafa sótt námskeið, 16% einu sinni, 9% tvisvar sinnum og 22% þrisvar eða oftari. Af þessum hópi höfðu 14 sótt námskeið í Nýheimum, einn í Reykjavík og tveir á netinu.

Í eigindlegu viðtölunum höfðu þrír sótt íslenskunámskeið en þrír höfðu ekki sótt námskeið, þó að tveir þeirra notuðu appið „Bara tala“ til að læra íslensku. Einn er að fara á námskeið á næstunni og annar ætlar að fara á námskeið ef hann ætlar að vera lengur.

Flestir viðmælendurnir sem sótt höfðu íslenskunámskeið höfðu gert það í Nýheimum en einn hafði farið á þrjú námskeið í Reykjavík. Niðurstöður benda til þess að margir nýti formleg íslenskunámskeið þegar þau eru aðgengileg en ákveðnir hópar innflytjenda, eins og þeir sem vinna á óhefðbundnum tímum, þurfa sveigjanlegri valkosti eins og netnámskeið eða leyfi frá vinnuveitendum til að sækja námskeiðin.

Tafla 22. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með aðgengi að tungumálanámi í Sveitarfélaginu Hornafirði?




Þegar spurt var um ánægju með aðgengi að tungumálanámi sögðust 14% mjög sáttur og 43% frekar sáttir, 19% hvorki né, 14% frekar ósáttir og 10% mjög ósáttur. Allir viðmælendur sem sótt höfðu námskeiðin sögðust mjög sáttir með þau. Þá svöruðu 71% þeirra sem könnunina tóku að námskeiðin hefðu hjálpað þeim að skilja tungumálið betur. Þetta undirstrikar mikilvægi íslenskunámskeiða fyrir innflytjendur og sýnir fram á að aðgengi að námskeiðum og fjölbreytni í kennsluaðferðum geti bætt inngildingu þeirra.

Þegar frekar var spurt um gildi íslenska tungumálsins fyrir innflytjendur þá voru 24% þeirra mjög sammála því að útlendingar sem búa í Sveitarfélaginu Hornafirði ættu að læra íslensku, 29% voru sammála, 31% hvorki/né og 16% ósammála og mjög ósammála.

Í viðtölunum voru 71% sammála því að íslenskan skipti miklu máli fyrir aðgengi að menningu, þar sem einn viðmælenda sagði „You can live in Iceland without speaking the language, but if you want to participate in everything, you must speak Icelandic“. Þetta svar sýnir skýrt að íslenskan er talin mikilvæg fyrir bæði samskipti og aukna félagslega þátttöku í samfélaginu.

Tafla 23. Hversu sammála eða ósammála ertu þessari fullyrðingu: Útlendingar sem koma til að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði verða að taka upp siði og venjur íbúa sveitarfélagsins?



Í meginþlekkni rannsókninni var einnig spurt hvort innflytjendur ættu að taka upp siði og venjur Íslendinga. Niðurstöður sýndu að 18% voru mjög sammála, 33% frekar sammála, 29% hvorki né, 13% frekar ósammála og 7% mjög ósammála. Þetta gefur til kynna að vilji sé til þess að laga sig að samfélagsvenjum þó svo að ekki séu allir sammála því.

Tafla 24. Telur þú að íslenska sé lykillinn að menningaraðgengi / þátttöku í Sveitarfélaginu Hornafirði?




Þegar spurt var hvort íslenskan væri lykillinn að menningaraðgengi og þátttöku í sveitarfélaginu sögðust 73% telja svo vera og 27% voru á öðru máli. Niðurstöðurnar benda til þess að meirihluti telji íslenskukunnáttu vera nauðsynlega fyrir fulla þátttöku í menningarlífinu og samfélaginu. Þetta styður einnig þá skoðun að tungumálakunnáttu sé mikilvæg fyrir félagslega samþættingu og eykur líkurnar á að innflytjandinn setjist að í lengri tíma

Áhrif menningar á búsetuákvarðanir.

Hér á eftir er farið yfir niðurstöður svara þátttakenda þegar spurt var um almenna líðan í sveitarfélaginu og löngun til að búa þar til frambúðar.

Tafla 25. Ef sömu atvinnu, skóla og félagsleg úrræði væru til boða. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú myndir flytja í annað sveitarfélag ef menningarstarfsemi þar væri meiri?




Þegar spurt var um hvort svarendur myndu flytja í annað sveitarfélag ef sömu atvinnu, skóla og félagsleg úrræði væru til boða, sögðu 47% að það væri líklegt eða mjög líklegt, 31% kannski en einungis 22% töldu það ólíklegt eða mjög ólíklegt.

Í viðtölunum svöruðu fjórir að þeir sæju flutninga fyrir sér í framtíðinni, þrír svöruðu neitandi. Þá var einn viðmælendanna sem nefndi að náttúran væri mikilvægari en menning og annar: „No, I really like this place,“

Niðurstöður benda til þess að 47% þátttakenda séu opnir fyrir þeim möguleika að flytja í annað sveitarfélag ef það bjóða upp á fjölbreyttari menningarstarfsemi.

Þó svo að menningarstarfsemi hafi áhrif á búsetuákvarðanir þá virðist náttúran einnig vera mikilvæg fyrir suma viðmælendur.

Tafla 26. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði?



Þegar spurt var hversu sáttir svarendur væru að búa í sveitarfélaginu svöruðu 63% að þeir væru sáttir eða mjög sáttir, 24% sögðust hvorki vera sáttir né ósáttir og einungis 13% voru frekar eða mjög ósáttir.


Þar sem 63% svarenda segja að þeir séu sáttir eða mjög sáttir bendir það til þess að meirihluti innflytjenda séu jákvæðir í garð þess að búa í sveitarfélaginu. Þó hefur 24% svarenda hlutlaus skoðun á búsetu í því og gætu því verið opnir fyrir breytingum. Þá eru 13% ósáttir við búsetu í sveitarfélaginu.

Tafla 27. Hefur aðgengi að menningu áhrif á ákvörðun þína um að setjast að í Sveitarfélaginu Hornafirði?



63% svarenda töldu menningu hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að setjast að í sveitarfélaginu Hornafirði og áfram var spurt út í gildi menningar í búsetuákvörðun.

Tafla 28. Hvaða miklu eða litlu hlutverki gegnir menning í ákvörðun þinni?



Þegar spurt var út í hvað miklu eða litlu hlutverki menning gengdi í ákvörðuninni þá kom í ljós að 56% svarenda sögðu menningu skipta máli, 11% svöruðu hvorki né og 33% litlu eða engu.

Þessar niðurstöður samsvara fyrri spurningu þar sem 38% svöruðu nei þegar spurt var um hvort að menning hefði áhrif á ákvörðunina um að setjast að í sveitarfélaginu.

Þessi niðurstaða sýnir fram á að menning er eitthvað sem svarendur líta til þegar búseta er ákveðin. Að lokum voru viðmælendur spurðir hvort menning gæti lengt þeirra dvöl á landinu og var svarið almennt jákvætt: „Yes of course. I like the culture here, the people and I want to stay here“. Af viðmælendum eigindlegu rannsóknarinnar svöruðu 6 viðmælendur af 7 einnig að aðgengi hefði áhrif á ákvörðun þeirra, sem gerir 86%. Þá voru svör viðmælenda á þennan hátt: „I would say yes, I like the offer“, „Yes I accept this situation and am completely happy in this location“. Aðrir sögðu bara beint út já, einn nefndi að ef meira væri í boði væru frekari líkur á að hann yrði lengur. Þá svaraði einn viðmælendinn að hann væri óviss þar sem heilsufar gæti haft áhrif á hvort hann myndi dvelja lengur í sveitarfélaginu.

Eins og fyrr hefur komið fram voru flestir viðmælenda enn að aðlagast samfélaginu og benda niðurstöðurnar til þess að menning geti gegnt mikilvægu hlutverki í að styðja innflytjendur til að fóta sig í nýju umhverfi. Einnig að löngunin til að setjast að sé sterkari ef aðstæður, sérstaklega aðgengi að þjónustu og samfélagsstuðningi eru góðar.

Niðurstöður sýna að þeir viðmælendur sem eru tímabundið á landinu voru sammála því að menning gæti haft áhrif á ákvörðun þeirra um að dvelja lengur og að menning gæti leitt til þess að ákvörðunin yrði tekin um að setjast að. Ef skoðaðar eru þrjár síðustu töflurnar má sjá að niðurstöður sýna að menningarlegt aðgengi og þátttaka í menningarstarfi gegni mikilvægu hlutverki í ákvörðun einstaklinga um hvort þeir setjist að til lengri tíma. Þó geta aðrir þættir haft áhrif á búsetu eins og umhverfi og stuðningsnet. Þá var náttúran nefnd sem mikilvæg í ákvörðun um búsetu en samt sem áður má álykta að menningarlegt framboð sé mikilvægt fyrir lífsgæði og vellíðan og geti jafnvel vegið þungt við ákvörðunartöku um framtíðarbúsetu. Þetta gefur til kynna að vel skipulagt menningarstarf geti gert samfélagið meira aðlaðandi fyrir þá sem íhuga að setjast þar að til frambúðar. Viðhorf innflytjenda til menningar í sveitarfélaginu sýnir einnig fram á að aðgengi að menningarviðburðum og stofnunum svo sem listasöfnum, viðburðum og bókasöfnum getur haft bein áhrif á félagslega tengingu þeirra við samfélagið.

Umræður

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að menningarlegt aðgengi og þátttaka í menningarstarfsemi gegni mikilvægu hlutverki í ákvörðun innflytjenda um hvort þeir setjist að í sveitarfélaginu Hornafirði til lengri tíma. Í fyrri rannsóknum hefur verið bent á að menning og félagsleg tengsl séu grundvallarþættir í félagslegri aðlögun og samþættingu innflytjenda (Bourdieu o.fl, 1979; sjá einnig Berry, 2005). Berry (2005) setti fram kenningu um menningarlega samþættingu sem leggur áherslu á mikilvægi þess að bæði meirihlutasamfélagið og minnihlutahópar vinni saman að því að byggja upp traust og sameiginlega menningarsýn.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er ljóst að þátttaka í menningar- og félagsviðburðum getur gegnt lykilhlutverki í því að innflytjendur upplifi sig sem hluta af samfélaginu. Niðurstöðurnar eru því í takt við fyrri rannsóknir Hoffmann o.fl. (2023), þar sem bent var á að þátttaka í félagslífi bætti tengsl við heimamenn og drægi úr einangrun. Menningarviðburðir skapa vettvang fyrir samræður og tengslamyndun sem auðveldar samþættingu. Að sama skapi er mikilvægt að viðburðirnir séu aðgengilegir og höfði til ólíkra hópa, bæði innfæddra og innflytjenda.

Einnig er mikilvægt að huga að mismunandi bakgrunni innflytjenda þar sem ólíkar þjóðir og menning hafa ólíkar þarfir. Aðlögun viðburða og þjónustu að þessum fjölbreytileika gæti verið lykillinn að betri inngildingu. Þátttakendur rannsóknarinnar lýstu mismunandi upplifun af menningartengdum viðburðum og margir lögðu áherslu á að viðburðir sem byggðust á samvinnu heimamanna og innflytjenda hefðu dýpstu áhrifin á tengslamyndun. Þetta gefur til kynna að gagnkvæmur skilningur sé grundvöllur árangursríkrar samþættingar.

Aldur, kyn og þátttaka í menningu.

Aldur og kyn virðist hafa áhrif á hvernig fólk tekur þátt í menningu sveitarfélagsins. Fjölskyldufólk, eldri einstaklingar og þeir sem hafa búið lengur í sveitarfélaginu sýna meiri áhuga á menningarstarfsemi þess. Þetta getur stafað af því að þeir hafa þróað sterkari tengsl við samfélagið og hafa náð að kynnast menningarstarfsemi þess.

Einhleypir og yngri fólk opnara fyrir skemmri dvöl og líta á hana sem tímabundna eða þar til önnur tækifæri bjóðast. Yngri fólk eða innflytjendur sem hafa búið skemur hafa oft aðra forgangsroðun og eru því síður líkleg til að sækja menningarviðburði reglulega.

Þessar niðurstöður benda til þess að aldur og fjölskylda geti haft áhrif á framtíðaráform fólks um búsetu.

Tengsl fjölskyldu, þátttöku í menningu og búsetuáforma.

Fjölskyldustaða virðist tengjast bæði þátttöku í menningu og búsetuáformum. Fjölskyldufólk tekur frekar virkan þátt í menningarlífi og sýnir meiri samfélagsvirkni, þar sem börn og aðrir fjölskyldumeðlimir taka þátt í menningarviðburðum og félagastarfi. Þetta eykur tengsl fjölskyldunnar við samfélagið og eykur á viljann til að dvelja lengur í sveitarfélaginu. Í rannsókn Angelini o.fl. (2015) kom fram að bein tengsl voru á milli menningarlegrar aðlögunar og huglægrar vellíðanar innflytjenda. Þetta bendir til þess að tengsl sem innflytjendur mynda við aðrar fjölskyldur, aðstandendur og vini séu mikilvæg fyrir aðlögunarferlið að nýju samfélagi.

Áhugavert er að minni samfélög eins og Sveitarfélagið Hornafjörður bjóða upp á sérstaka möguleika fyrir dýpri tengslamyndun á milli innflytjenda og heimamanna.

Nánd hópanna og smæð samfélagsins getur leitt til sterkari félagslegra tengsla eins og rannsókn Meckl o.fl. (2020) bendir á. Hins vegar kemur einnig fram að takmarkað framboð fjölbreyttra menningarviðburða og skortur á tækifærum til að miðla eigin menningu getur unnið gegn aðlögun.

Samkvæmt Hoffman o.fl. (2023) getur það haft mikil áhrif á innflytjendur ef þeir upplifa að menning þeirra fái ekki pláss eða viðurkenningu í samfélaginu. Þetta kallast á við kenningar um menningarauð þar sem félagsleg þátttaka og menningarleg tjáning eru lykilatriði í því að skapa tilfinningu fyrir að tilheyra samfélaginu. Ef innflytjendur fá vettvang til að miðla eigin menningu, hvort sem er í gegnum viðburði eða samstarf við heimamenn aukast líkurnar á að þeir upplifi sig sem virka þátttakendur í samfélaginu.

Eins og Bourdieu (1979) hefur bent á eru félagsauður og menningarauður órjúfanlegir þættir þess að fólk geti tekið fullan þátt í samfélaginu. Ef innflytjendur fá tækifæri til að byggja upp félagsleg tengsl, til dæmis í gegnum íþróttafélög, félagasamtök eða viðburði geta þeir styrkt stöðu sína í samfélaginu. Að sama skapi getur skortur á þessum tækifærum stuðlað að félagslegri einangrun og jafnvel leitt til þess að innflytjendur kjósi að flytja annað.

Að auki vekja niðurstöður rannsóknarinnar athygli á því að innflytjendur sem höfðu aðgang að félagslegum stuðningsnetum, hvort sem þau komu frá fjölskyldu eða vinum, voru líklegri til að upplifa vellíðan í samfélaginu. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að sveitarfélög og stofnanir stuðli að vettvangi þar sem innflytjendur geta byggt upp tengslanet.

Stuðningur við félagsleg tengsl er því ekki aðeins persónulegur ávinningur heldur hefur hann samfélagslegt gildi þar sem sterkara samfélag leiðir til minni íbúaveltu og betri inngildingar. Þá sýna gögnin einnig fram á að fjölskylduaðstæður og félagslegt stuðningsnet skipta verulegu máli þegar kemur að ákvörðun um langvarandi búsetu í sveitarfélaginu.

Tengsl á milli tungumálakunnáttu, menningarsóknar og búsetuáforma.

Viðhorf til menningar getur verið mismunandi eftir bakgrunnsupplýsingum eins og menntun, fjölskyldustöðu og atvinnu. Þeir sem eru vel menntaðir og með ákveðna starfsreynslu leggja oft meira upp úr því að taka þátt í menningu og eru virkari í samfélaginu. Þetta bendir til þess að menningarvirkni eykur tengsl við samfélagið og getur styrkt vilja innflytjenda til varanlegrar búsetu, þar sem þessir bakgrunnsþættir skapa meiri tengingu við staðinn.

Niðurstöðurnar varpa einnig ljósi á mikilvægi samstarfs milli innflytjenda og samfélagsins sem tekur á móti þeim. Samþætting eins og hún er skilgreind af Unni Dís Skaptadóttur og Helgu Ólafsdóttur (2010) er ferli sem krefst tvíhliða aðlögunar. Innflytjendur þurfa að fá tækifæri til að viðhalda eigin menningu jafnframt því að þeir fá stuðning við að tileinka sér siði og tungumál nýja samfélagsins. Með því að skapa rými fyrir fjölmenningu, til dæmis með fjöltyngdum menningarviðburðum eða aðgengilegri og markvissri tungumálakennslu getur samfélagið gert samþættingu árangursríkari og jafnari.

Eitt af lykilatriðum í þessari rannsókn var mikilvægi tungumálakunnáttu í inngildingarferlinu. Í samræmi við niðurstöður Hakuta o.fl. (2000) sýnir rannsóknin að tungumálaerfiðleikar geta verið helsti þröskuldurinn fyrir innflytjendur sem vilja taka virkan þátt í menningarstarfsemi og félagslífi. Tungumálakennsla er því ómissandi þáttur í samþættingunni en hún þyrfti að þróast í takt við ólíkar þarfir nemendanna.

Niðurstöður benda til þess að þeir viðmælendur sem hafa meiri þekkingu á íslensku sé mun líklegri til að taka virkan þátt í menningarlífi sveitarfélagsins. Á hinn bóginn finna þeir sem hafa takmarkaða tungumálakunnáttu frekar fyrir hindrunum sem draga úr þátttöku þeirra. Þessi niðurstaða bendir til þess að tungumál séu lykillinn að inngildingu og tilfinningu fyrir samfélaginu.

Tungumálakunnátta getur einnig haft áhrif á þátttöku einstaklinga í samfélaginu. Góð íslenskukunnátta getur aukið tilfinningu fyrir inngildingu og gert einstaklinga líklegri til að taka þátt í menningarlífi sveitarfélagsins. Þetta tengist þeirri staðreynd að tungumál er ekki aðeins tjáningartæki heldur einnig lykill að félagslegum tengslum.

Niðurstöðurnar eru í samræmi við rannsókn Elsu Sigríðar Jónsdóttur og Önnu Þorbjargar Ingólfssdóttur (2004), þar sem viðmælendur fullyrtu að „íslenskukunnátta sé lykillinn að betri stöðu í samfélaginu“. Gefur þetta til kynna að þeir sem hafa gott vald á tungumálinu séu líklegri til að vera virkir í samfélaginu og mynda dýrmæt tengsl við aðra.

Rannsóknin vekur einnig spurningar um hvernig hægt sé að efla inngildingu í stærri sveitarfélögum þar sem félagsleg tengsl geta verið dreifðari.

Þó svo að oft megi finna frekari menningarlega fjölbreytni í þéttbýli getur það leitt til skorts á samskiptum á milli hópa og tungumálaörðugleikar skapað hindranir.

Þetta bendir til þess að það sé ekki eingöngu fjölbreytni menningarviðburða sem skipti máli heldur einnig hvernig þeir eru skipulagðir til að auka félagsleg samskipti og tengslanet.

Sveitarfélög hafa því mikla möguleika á að móta menningarstefnu sem stuðlar að inngildingu, óháð stærð þeirra. Þó er hér farið varlega í að alhæfa ályktanir þar sem smæð úrtaksins takmarkar alhæfingargildi niðurstaðna en þær gefa þó skýra mynd af niðurstöðunum. Engu að síður má setja fram tillögur um hvernig bæta megi inngildingu innflytjenda til að auka líkurnar á lengri búsetu þeirra í sveitarfélögum.

Ljóst er að nauðsynlegt er að stjórnvöld og sveitarfélög vinni saman að því að styrkja tungumálanámskeið með áherslu á hagnýt samskipti og menningarlega þátttöku. Einnig er mikilvægt að fjölga viðburðum sem stuðla að fjölmennningarlegum samskiptum og samvinnu. Að auki er æskilegt að veita innflytjendum stuðning til að stofna eigin menningarfélög eða standa fyrir viðburðum. Það eykur líkurnar á að þeir sjái sér framtíð í sveitarfélaginu.

Ákvarðast búsetuáform af menningu og tungumálakunnáttu.

Viðhorf til menningar og tenging við menningarstarfsemi virðist hafa sterk áhrif á búsetuform einstaklinga. Þeir sem upplifa menningarlíf sveitarfélagsins á jákvæðan hátt eru líklegri til að sækjast eftir lengri búsetu þar, enda virðist ánægja með menningu og samfélagsvirkni ýta undir að fólk vilji setjast að til framtíðar. Í meginðlegum niðurstöðum kemur einnig fram að meirihluti svarenda eða 65% hyggist dvelja í sveitarfélaginu í lengri tíma. Þetta bendir til þess að menning geti haft veruleg áhrif á hvort einstaklingar sjá sér framtíð í sveitarfélaginu eða ekki. Gögnin benda til þess að menning og tungumálakunnátta séu lykilþættir fyrir þá sem vilja dvelja lengri tíma, þar sem báðir þættirnir virðast stuðla að inngildingu.

Búsetuáform eru því líkleg til að ákvarðast af bæði menningu og tungumálakunnáttu.

Þeir sem hafa áhuga á menningu og eru með góða tungumálakunnáttu upplifa sig betur aðlagða og tilheyra samfélaginu betur.

Heildarniðurstöður gefa til kynna að búsetuákvarðanir einstaklinga ráðist af fjölbreyttri blöndu af menningarlegum, náttúrulegum og félagslegum þáttum. Óvænt niðurstaða rannsóknarinnar var hve mikið gildi sumir viðmælendur lögðu á náttúru og menningu í sveitarfélaginu. Sumir þátttakendurnir nefndu að aðgengi að náttúrulegum auðlindum og fegurð umhverfisins væri jafnvel mikilvægara fyrir þá en menningarframboð. Þetta gæti gefið vísbendingu um tengsl á milli náttúru og menningar og bendir til þess að samspil þessara þátta stuðli að betri lífsgæðum.

Þessar niðurstöður tengjast líklega því að náttúran er ekki eingöngu umhverfi heldur einnig hluti af menningarlegu samhengi sem styrkir tengsl íbúa. Sambandið milli náttúru og menningar gæti skýrst af því að innflytjendur sem njóta náttúrunnar hvort sem það er í gegnum útivist, íþróttir eða einfaldlega með því að upplifa fegurð umhverfisins eru líklegri til að mynda tengsl við aðra íbúa til dæmis í gönguferðum eða hópum sem einblína á útiveru. Þessar niðurstöður geta því verið mikilvægt skref í að þróa verkefni þar sem náttúra og menning fléttast saman til að bæta lífsgæði íbúanna.

Þó að menningarlegt aðgengi og þátttaka séu mikilvæg í ákvörðun þeirra sem skoða langtímabúsetu í sveitarfélaginu má sjá að aðrir þættir eins og umhverfið og félagslegt stuðningsnet eiga einnig stóran þátt í ákvörðuninni. Í ljósi þess má álykta að samfélag þar sem fjölbreyttar þarfir íbúa eru virtar geti stuðlað að auknum líkum á að fólk velji að setjast að til lengri tíma. Í heildina bendir þetta til þess að sveitarfélagið Hornafjörður standi frammi fyrir tækifærum til að styrkja menningarstarfsemi sína og bæta aðstæður íbúanna til að tryggja frekari ánægju og lágmarka flutninga.

Inngilding og viðhorf

Áhugaverðustu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að 63% svarenda eru ánægðir með búsetu sína í sveitarfélaginu eins og kemur fram í svörum eins og: „Yes of course. I like the culture here, the people and I want to stay here“ í viðtölunum. Þetta gefur til kynna að menningarleg þátttaka eykur jákvætt viðhorf gagnvart samfélaginu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það sem áður hefur komið fram í rannsókn Hoffmann o.fl. (2023) þar sem menningarlegt aðgengi hjálpar þátttakendum að mynda tengsl við aðra íbúa. Menning er því ekki eingöngu afþreying, heldur einnig tól til að tengja saman mismunandi hópa.

Ein möguleg skýring á þessu er sú að menning sem vettvangur fyrir samskipti og þátttöku stuðli að því að innflytjendur finni sig velkomna í samfélaginu. Þetta gæti útskýrt tengslin á milli menningarlegrar þátttöku og félagslegrar samþættingar, eins og bent hefur verið á í fyrri rannsóknum (Putnam, 2001). Þá eru ákveðin líkindi á milli niðurstaðna þessarar rannsóknar og annarra rannsókna á menningarlegu aðgengi og félagslegum tengslum. Til dæmis sýndu niðurstöður rannsóknar Lilti o.fl. (2020), sem byggðar voru á fjölþátta tölfræðigreiningu, að til að stuðla að samþættingu innflytjenda þurfi að hvetja til þátttöku þeirra í félagastarfi. Með aukinni þátttöku þeirra jukust líkur á samskiptum við heimamenn, samþættingu á gildum og hegðun sem leiðir til frekara trausts, minni fordóma og aukins félagsauðs. Þessar niðurstöður benda til þess að menning tengist aukinni félagslegri samþættingu og sköpun nýrra tengsla í samfélaginu.

Þýði rannsóknar

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að mikilvægt er fyrir innflytjendur að eiga kost á menningarlegu aðgengi og að taka þátt í menningarstarfsemi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Þær benda einnig til þess að menningarleg þátttaka stuðli að jákvæðara viðhorfi til samfélagsins sem getur aukið líkur á varanlegri búsetu. Þetta styður kenningar um að menning gegni lykilhlutverki í að skapa tengsl og bæta lífsgæði íbúa.

Niðurstöðurnar marka mikilvægt skref í þróun stefnu sem samþættir menningu og félagsleg tengsl. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að hvetja til þátttöku í menningarstarfsemi, efla tungumálakennslu og styrkja stuðningsnet innflytjenda.

Með því að samþætta þessa þætti má skapa umhverfi þar sem innflytjendur finna sig velkomna og virka í samfélaginu. Slík stefna stuðlar ekki aðeins að bættum lífsgæðum innflytjenda heldur eflir einnig samfélagið í heild sinni og tryggir betri framtíð fyrir alla íbúa.

Lokaorð

Rannsókn þessari var ætlað að svara spurningunni: „Innflytjendur og menning: Geta menningarviðburðir, íþróttastarf og félagastarf haft áhrif á búsetulengd innflytjenda?“

Með menningu var átt við: „Hvert það starf innan samfélagsins sem miðar að því að koma menningu á framfæri, sama í hvaða formi það er.“ eins Ágúst Einarsson (2003) komst að orði.

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að menningarlegt aðgengi og þátttaka í menningarstarfsemi gegni mikilvægu hlutverki í ákvörðun innflytjenda um hvort þeir setjist að í sveitarfélaginu Hornafirði til lengri tíma.

Niðurstöðurnar sýna fram á að menningarleg þátttaka stuðli að jákvæðu viðhorfi innflytjenda til samfélagsins þar sem 63% svarenda eru ánægðir með búsetu sína í því.

Höfundur telur niðurstöðurnar sýna að þátttaka í samfélagi og tengsl við aðra íbúa séu meðal mikilvægustu þátta sem ráða því hvort innflytjandinn vilji byggja sitt líf á nýjum stað.

Menning virðist virka sem brú á milli mismunandi hópa og gefur fólki tækifæri á að upplifa sameiginleg gildi. Þetta kallast á við kenningar um félagsskap og menningarauð þar sem þátttaka í menningarviðburðum gerir innflytjendum kleift að efla félagsleg tengsl og upplifa sig sem virkan hluta af samfélaginu. Því er ljóst að markviss stefnumótun um menningarlegt aðgengi og fjölbreyttari viðburði getur haft mikil áhrif á vellíðan og framtíðarplön innflytjenda.

Því er nauðsynlegt að hafa skýra stefnu á innflytjendamálum hvort sem litið er til ríkis eða sveitafélaga.

Höfundi þótti athugunarvert að þrátt fyrir að innflytjendalögin hafi verið sett 2012 hafi Ísland samt að mati MIPEx haft verstu aðlögunarstefnuna á Norðurlöndum árið 2014. Aðkoma Íslands að samþættingu var þá flokkuð af MIPEx sem „innflytjendamál án samþættingar“ (Mirra, 2021).

Þetta bendir til þess að skortur hafi verið á markvissari nálgun í innflytjendamálum.

Það er því gleðilegt að lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna ásamt öðrum um jafna meðferð á vinnumarkaði hafi verið samþykkt. Þau eiga að tryggja heildstæða nálgun í málum samþættingar, örugg grunnréttindi og jöfn tækifæri.

Auk þess er ánægjulegt að árið 2022 hafi verið sett fram framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda svo hægt sé að vinna að því að uppfylla kröfur laganna og stuðla að samþættingu innflytjenda með skýra mynd af því hvaða stefnu eigi að taka í málaflokknum.

Áætlunin leggur áherslu á samfélagslega þátttöku, menntun, atvinnumál og fjölskyldu sem eru allt lykilþættir í því að skapa traustan grundvöll fyrir aðlögun (Alþingi, 2021-2). Mikilvægt er þó að tryggja eftirfylgni við slíkar áætlanir og mæla árangur þeirra reglulega. Í heildina sýna niðurstöður fram á að menning sé ekki aðeins afþreying heldur töl til félagslegrar samþættingar, inngildingar og styrkingar samfélagsins. Sveitarfélög og stjórnvöld ættu því að líta á menningarviðburði sem mikilvægan hluta af inngildinu innflytjenda. Mikilvægt er því að fjárfesta í að efla inngildingu að menningu fyrir alla hópa samfélagsins. Þannig getur Ísland þróast í átt að fjölbreyttu og samheldnu samfélagi sem nýtir fjölmenningu sem styrkleika.

Tillögur til frekari rannsókna

Þar sem niðurstöður benda á mikilvægi menningar, náttúru og félagslegs stuðningsnets fyrir búsetuákvörðanir væri æskilegt að rannsaka frekar samspil þessara þátta. Sérstaklega væri gagnlegt að skoða hvernig samfélagsleg þátttaka og viðhorf til náttúrunnar vinna saman með menningu til að styðja við varanlega búsetu. Mælt er með eigindlegri rannsókn þar sem rannsakað er hvernig þátttaka í menningar- og náttúruviðburðum hefur áhrif á tilfinningaleg tengsl við samfélagið. Rýnihópar gætu gefið góða mynd af upplifun einstaklinga af menningu sveitarfélagsins og náttúru þess.

Frekari rannsóknir gætu skoðað hvernig sveitarfélög geta nýtt þessi gögn til að bæta móttökuáætlanir og hvernig megi frekar styðja við innflytjendur í sveitarfélögum. Með því að safna gögnum frá sveitarfélögum um núverandi móttökuáætlanir má skoða þjónustu við innflytjendur og þátttöku þeirra í samfélagsviðburðum.

Þá væri gagnlegt að greina hvernig menningarstarfsemi og samfélagsleg þjónusta hafa reynst til inngildingar. Eigindleg rannsókn í formi viðtala við lykilaðila í sveitarfélögum, t.d. félagsmálastjóra, menningarfulltrúa og íslenskukennara, gæti hjálpað til við að kortleggja þarfir og tækifæri móttökuáætlunar.

Einnig væri hægt að rannsaka betur tengsl tungumálakunnáttu og félagslegrar samþættingar og hvernig tungumál hefur áhrif á búsetuákvörðanir. Með meginlegri rannsókn má mæla tungumálakunnáttu, þ.e. grunnfærni og notkun í daglegu lífi, og félagslega þátttöku t.d. þátttöku í viðburðum, félagastarfi og tengslaneti og greina þar tengsl á milli þessara breyta.

Heimildaskrá:

- Adeoye-Olatunde, OA og Olenik NL. (2021). Research and scholarly methods: Semi-structured interviews. *JACCP: Journal of the American Collage of Clinical Pharmacy*, 4, 1441.
<https://doi.org/10.1002/jac5.1441>
- Angelini, V., Casi, L. og Corazzini, L. (2015). Life satisfaction of immigrants: Does cultural assimilation matter? *Journal of Population Economics*, 28, 817-844.
<https://doi.org/10.1007/s00148-015-0552-1>
- Ágúst Einarsson. (2003, nóv. 11). Erindi á málstofu um menningarhagfræði.
https://www.bifrost.is/media/1/skra_0016997.pdf
- Árni S. Guðjónsson, Hilmar Þ. Sigurjónsson og Freydís Kristjánsdóttir. (2017). „*Blessað stríðið*“. Menntamálastofnun.
- Baumann, G. (1999). The Multicultural Riddle: Rethinking national, ethnic and religious identities. *Routledge*.
https://construcciondeidentidades.wordpress.com/wp-content/uploads/2015/02/zones-of-religion-gerd-baumann-the-multicultural-riddle_-rethinking-national-ethnic-and-religious-identities-routledge-1999.pdf
- Berry, J.W. (2005). Acculturation: Living successfully in two cultures. *International Journal of Intercultural Relations*. 29, 697-712.
<https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2005.07.013>
- Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eypórsson. (2020). *Félagsleg og pólitísk þátttaka innflytjenda á Íslandi*. Meckl, M. og Hermína Gunnþórsdóttir (ritstj.), *Samfélag fjölbreytileikans: Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls. 62-72). Háskólinn á Akureyri.
https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2402/samfelfjolbr_stakar_corrected%2020.01.pdf?sequence=1&isAllowed=y
- Black, J. S., Mendenhall, M. og Oddou, G. (1991). Toward a comprehensive model of international adjustment: An integration of multiple theoretical perspectives. *Academy of Management Review*. 16(2), 291-317
https://www.researchgate.net/profile/Mark-Mendenhall/publication/234021358_Toward_a_Comprehensive_Model_of_International_Adjustment_An_Integration_of_Multiple_Theoretical_Perspective/links/5537f3640cf2239f4e797066/Toward-a-Comprehensive-Model-of-International-Adjustment-An-Integration-of-Multiple-Theoretical-Perspective.pdf
- Blukacz, A., Sun, J., McGregor, C., o.fl. (2023). Promoting the Participation of “hard-to-reach” migrant populations in qualitative public health research during the COVID-19 pandemic in Chile. *National library of medicine*, 28, 45-56.
<https://doi.org/10.3390/ijerph20031956>

- Bonet, L., og Négrier, E. (2016, maí 21). The end(s) of national cultures? Cultural policy in the face of diversity. *ResearchGate*.
https://www.researchgate.net/publication/232917115_The_ends_of_national_cultures_Cultural_policy_in_the_face_of_diversity
- Borkowski, M. og Vala Hauksdóttir. (2021). Aðlögun erlendra íbúa: Í Rangárfingi eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði. SASS.
<https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2021/10/A%C3%B0l%C3%B6gun-erlendra-%C3%ADb%C3%BAa-sk%C3%BDrsla.pdf>
- Bourdieu, P. Og Passeron, J-C. (1979). *The inheritors: French students and their relation to culture*. University of Chicago Press.
https://monoskop.org/images/7/71/Bourdieu_Pierre_Passeron_Jean_Claude_The_Inheritors_1979.pdf
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). Successful qualitative research: A practical guide for beginners. *Researchgate*.
https://www.researchgate.net/publication/256089360_Successful_Qualitative_Research_A_Practical_Guide_for_Beginners
- Byggðastofnun. (2024, 1. janúar). Mælaborð. *Ríkisfang íbúa*.
<https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/rikisfang>
- Cambridge Dictionary. (e.d.). *Culture: Meaning of culture in English*.
<https://dictionary.cambridge.org/dictionary/english/culture>
- Cliggett, L. C. og Wilk, R.R. (2007). *Economies and cultures: Foundations of economic anthropology*. Westview perss.
https://lakshmibaicollege.in/Secure-admin/webroot/upload/customfiles/08062020052831READING%20ONE%20-Economies%20and%20Cultures%20_%20Foundations%20of%20Economic%20Anthropology.pdf
- Eiríkur Bergmann. (2008). Þjóðernishugmyndir Íslendinga og afstaðan í Evrópu. *Bifröst Journal of Social Science*, 2, 5-28.
https://skemman.is/bitstream/1946/10888/1/Eirikur_Einarsson_1.pdf
- Elsa Sigríður Jónsdóttir og Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2004, mars). Í nýju landi – Raddir íbúa af erlendum uppruna. *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar*, 4(1), 71-84
<https://timarit.is/page/6203660#page/n71/mode/2up>
- European Migration Network. (2006, mars). *Impact of immigration on Europe's societies*. Directorate-General Justice, Freedom and Security.
https://www.emn.at/wp-content/uploads/2017/01/Impact_on_EU_SR.pdf

- Eyrún Ragnarsdóttir. (2014). *Púsluspil án mynsturs? Fjölbreytt samspil við aðlögunum fólks af erlendum uppruna*. Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.
https://www.academia.edu/14507665/P%C3%BAsluspil_%C3%A1n_mynsturs_Fj%C3%B6lbreytt_samspil_vi%C3%B0_a%C3%B0l%C3%B6gun_f%C3%B3lks_af_erlendum_uppruna
- Félagsvísindastofnun. (ed). *Ráðgjöf um rannsóknir*. Háskóli Íslands.
<https://fel.hi.is/is/radgjof-um-rannsoknir>
- Fukuyama, F. (2001). Social capital, civil society and development. *ResearchGate*.
https://www.researchgate.net/profile/Francis-Fukuyama-2/publication/44828808_Social_capital_civil_society_and_development/links/576bee6a08ae9bd70995dbe1/Social-capital-civil-society-and-development.pdf
- Garðar Gíslason. (2008). *Félagsfræði, Einstaklingur og samfélag*. Forlagið.
- Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson. (1993). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2022, 24. november). *Innflytjendur 16,3% íbúa landsins*.
hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efir-bakgrunni-2022/#:~:text=Innflytjendur%20á%20Íslandi%20voru%2061.148%20eða%2016%2C3%25%20mannfjöldans,hlutfallið%20farið%20úr%208%2C0%25%20mannfjöldans%20upp%20í%2016%2C3%25
- Hakuta, K., Goto, Y. og Witt, D. (2000, janúar). *How long does it take English learners to attain proficiency?* Stanford University.
[https://web.stanford.edu/~hakuta/Publications/\(2000\)%20-%20HOW%20LONG%20DOES%20IT%20TAKE%20ENGLISH%20LEARNERS%20TO%20ATTAIN%20PR.pdf](https://web.stanford.edu/~hakuta/Publications/(2000)%20-%20HOW%20LONG%20DOES%20IT%20TAKE%20ENGLISH%20LEARNERS%20TO%20ATTAIN%20PR.pdf)
- Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Líf og störf ungra innflytjenda. *Reynsla ungmenna af 10 ára búsetu. Uppeldi og menntun. Icelandic Journal of Education*, 20(2), 54.
<https://timarit.is/page/5690901#page/n51/mode/2up>
- Haraldur Ólafsson. (1998). *Maður og menning: Hugmyndasaga og kenningar mannfræðinnar*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgafell. (1954, 1. nóvember) Menning og varnir. *Helgafell*, 3(1), 5.
<https://timarit.is/page/6027230?iabr=on#page/n5/mode/2up>
- Hoffmann, L. og Holm, A. (2022). Learning Insular Nordic Languages: Comparative perspectives on migrants experiences learning Faroese and Icelandic. *Nordic Journal of Migration Research*, 12(3), 474.
<https://journal-njmr.org/articles/10.33134/njmr.474#B15>

- Hoffmann, L., Thoroddur Bjarnason og Meckl, M. (2020). Regional differences in the inclusion of immigrants in Icelandic society. Meckl, M. og Hermína Gunnþórsdóttir (ritstj.), *Samfélag fjölbreytileikans: Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls. 80-91). Háskólinn á Akureyri.
https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2402/samfelfjolbr_stakar_corrected%2020.01.pdf?sequence=1&isAllowed=y
- Hoffmann, L., Wojtyńska, A. og Dögg Sigmarsdóttir. (2023). Community co-creation: Developing participatory research methods. *ResearchGate*.
https://www.researchgate.net/publication/376751243_Community_Co-Creation_Developing_Participatory_Research_Methods
- Hugo, G. (2005). *Migrants in society: diversity and cohesion. A paper prepared for the Policy Analysis and Research Programme of the Global Commission on International Migration*. National Centre for Social Applications of GIS University of Adelaide.
https://www.iom.int/sites/g/files/tmzbd1486/files/jahia/webdav/site/myjahiasite/shared/shared/mainsite/policy_and_research/gcim/tp/TP6.pdf
- Ihrke, D. (2014). *Reason for Moving: 2012 to 2013*. U.S. Department of Commerce Economics and Statistics Administration.
<https://www.test.census.gov/content/dam/Census/library/publications/2014/demo/p20-574.pdf>
- Íris Ellenberger. (2013). *Danskir innflytjendur á Íslandi 1900–1970: Félagsleg staða, samþætting og þverþjóðleiki*. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
https://www.academia.edu/29420566/Danskir_innflytjendur_%C3%A1_%C3%8Dslandi_1900_1970_F%C3%A9lagsleg_sta%C3%B0a_sam%C3%BE%C3%A6tting_og_%C3%BEver%C3%BEj%C3%B3%C3%B0leiki
- Jameson, F., Miyoshi, M. (1998). *The cultures of globalization*. Duke University Press Books.
- Jurva, K., Jaya, P.S. (2008). Ethnic identity among second- generation Finnish immigrant youth in Canada: Some voices and perspectives. *ProQuest*.
<https://www.proquest.com/docview/858614981?pq-origsite=gscholar&fromopenview=true&sourcetype=Scholarly%20Journals>
- Johnson, R. B., Onwuegbuzie, A. J., og Turner, L. A. (2007). Toward a definition of mixed methods research. *Journal of Mixed Methods Research*, 1(2), 112-133.
<https://doi.org/10.1177/1558689806298224>
- Joppke, C. (e.d.). Immigrants and civic integration in western Europe. Kymlicka, W. og Albertson Fineman, E. (ritstj.), *Belonging? Diversity, recognition and shared citizenship in Canada*. Institute for Reserch on Public Policy.
<https://irpp.org/wp-content/uploads/2014/08/joppke.pdf>

- Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir. (2020). Mobility and transnational Iceland. Current Transformations and Global Entanglements. Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson (ritstj.), *Mobility and transnational Iceland* (bls. 7-22). Icelandic Research Fund.
Mobility_09022021_TOTAL.pdf (opinvisindi.is)
- Lára Magnúsdóttir og Sólveig Ólafsdóttir. (e.d.). *Menning og ferðapjónusta – um menningu og menningarverkefni á landsbyggðinni frá sjónarhóli hugvísinda*. Háskóli Íslands.
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/menning_ferdathonusta_2012.pdf
- Liltsi, P., Apostolidou, I., Michailidis, A. (2019). Socioeconomic typologies of immigrant's integration: The case of Thessaloniki Prefecture. *Agricultural Economics Review*.
<https://ageconsearch.umn.edu/record/317776/?v=pdf>
- Magnús Hlynur Hreiðarsson. (2022). Lítið atvinnuleysi á Suðurlandi. *Bændablaðið*.
<https://www.bbl.is/frettir/litid-atvinnuleysi-a-sudurlandi>
- Mannréttindaskrifstofa Íslands (e.d.). Útlendingar og fólk af erlendum uppruna.
<https://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hopa/utlendingar-og-folk-af-erlendum-uppruna>
- Meckl, M. (2023). *Samfélög án aðgreiningar: Aðlögun innflytjenda á Íslandi. framkvæmdarlýsing og breytulykill*. Gagnís (Datice), V1.
<https://dataverse.rhi.hi.is/dataset.xhtml?persistentId=doi:10.34881/AMPICB>
- Meckl, M og Hermína Gunnþórsdóttir. (2020). *Samfélag fjölbreytileikans: Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls.5-7). Háskólinn á Akureyri.
https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2402/samfelfjolbr_stakar_corrected%2020.01.pdf?sequence=1&isAllowed=y
- Merriam S.B. (1995). What can you tell from an N of 1? Issues of validity and reliability in qualitative research. *PAACE Journal og Lifelong Learning*, 4, 51-60.
https://www.iup.edu/pse/files/programs/graduate_programs_r/instructional_design_and_technology_ma/paace_journal_of_lifelong_learning/volume_4,_1995/merriam1995.pdf
- Mirra.is. (2021, 25. janúar). Staða innflytjenda fer batnandi.
<https://mirra.is/stada-innflytjenda-a-islandi-fer-batnandi/>
- Murdock, E. (2020). Perception of immigration to Iceland: The host country perspective. Meckl, M., Hermína Gunnþórsdóttir (ritstj.). *Samfélag fjölbreytileikans: Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls. 35-45). Háskólinn á Akureyri.
https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2402/samfelfjolbr_stakar_corrected%2020.01.pdf?sequence=1&isAllowed=y
- Norton, B. og Toohey, K. (2011). State of the art article: Identity, language learning and social change. *Cambridge University*.
<https://doi.org/10.1017/S0261444811000309>

- Olwig, K. F. og Paerregaard, K. (2011). *The question of integration: Immigration, exclusion and the Danish welfare state*. Cambridge Scholars Publishing.
[https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=cKUnBwAAQBAJ&oi=fnd&pg=PR5&dq=\(Olwig+og+Paerregaard,+2011\).&ots=sqRaTrEpmu&sig=DR4vcAmyP4ER7KAI FDw0hi4xvo0&redir_esc=y#v=onepage&q=\(Olwig%20og%20Paerregaard%2C%202011\).&f=false](https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=cKUnBwAAQBAJ&oi=fnd&pg=PR5&dq=(Olwig+og+Paerregaard,+2011).&ots=sqRaTrEpmu&sig=DR4vcAmyP4ER7KAI FDw0hi4xvo0&redir_esc=y#v=onepage&q=(Olwig%20og%20Paerregaard%2C%202011).&f=false)
- Ómar Hjalti Sölvason og Meckl, M. (2020). Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða. Meckl, M. og Hermína Gunnþórsdóttir (ritstj.). *Samfélag fjölbreytileikans, Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls. 27-35). Háskólinn á Akureyri.
https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2402/samfelfjolbr_stakar_corrected%2020.01.pdf?sequence=1&isAllowed=y
- Putnam, R. (2001). Social capital: Measurement and consequences. *Canadian journal of Policy Research*.
https://d1wqtxts1xzle7.cloudfront.net/111270219/285.pdf?1707366031=&response-content-disposition=inline%3B+filename%3DSocial_capital_Measurement_and_consequen.pdf&Expires=1732546198&Signature=J5Y6F~fCSApXim98am5TnsuOK5yqDOFWnNc13dB9PfwSU4j6pjhQjE6RicZNXD6~kG4YtFLZBRKEJrip~UgY-WiEHxiPmYsY0hm6K1GRTAgor0OI5Tpi~jA0nF6P2vfP30rvz9Ui7pElBhd8QnlTUIJ61giOP9eWJjKha9mHR6OEIeysal~LdZ2wVRtW8fjCMUqB1WdJqBnA03rUIPcZKmI8xDMEDh5dA~tltbdbhuZUDcAc7Qx~VrUBVweyKHxH1QaGe4qKdHFHwYRm5HSWPGvvuadBoHJvYelaCiksIs~DexYJjulDWu1uMPtT6~jSPuisf0un3W7lAeCcd26zg__&Key-Pair-Id=APKAJLOHF5GGSLRBV4ZA
- Ragnhildur Jónsdóttir (2022). *Þróun ferðamenskusamfélagsins*. Sveitarfélagið Hornafjörður.
<https://www.hornafjordur.is/media/skyrslur/Throun-ferdamenskusamfelags-2023.pdf>
- Ramsey, G. (2024, 13.febrúar). Pierre Bourdieu & Habitus (Sociology): Definition & examples. *Simplypsychology*.
<https://www.simplypsychology.org/pierre-bourdieu-habitus.html>
- Saga Huld Helgadóttir. (2013). *Hafnatengd starfsemi á Höfn í Hornafirði*. Íslenski Sjavarklasinn.
<https://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2019/07/Kortlagning-H%C3%B6fn.pdf>
- Samband íslenskra sveitarfélaga (e.d). Innflytjendamál.
www.samband.is/innflytjendamal
- Spencer-Oatey, H. (2012). *What is culture? A compilation of quotations*. The University of Warwick. <http://go.warwick.ac.uk/globalpadintercultural>
- Stjórnarráð Íslands. (2023, 06. júní). *Schengen-samstarfið*.
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/evropusamvinna/schengen-samstarfid/>

- Stjórnarráð Íslands. (2022, febrúar). *Staða og þróun í málum innflytjenda*. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Report_digital_Sta%C3%B0a_og_%C3%BEro%CC%81un_i%CC%81_ma%CC%81lefnun_innflytjenda_2022.pdf
- Stjórnarráð Íslands, (2024). *Ný úttekt OECD um innflytjendur á Íslandi: Mikilvægt að setja innngildingu innflytjenda á dagskrá*. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/09/04/Ny-uttek-OECD-um-innflytjendur-a-Islandi-Mikilvaegt-ad-setja-innngildingu-innflytjenda-a-dagskra/>
- Strauss, A. L. og Corbin, J. M. (1998). *Basics of Qualitative Research: Techniques and Procedures for Developing Grounded Theory*. Sage Publications.
<https://methods.sagepub.com/book/basics-of-qualitative-research>
- Tashakkori, A og Teddlie, C. (2010). Putting the human back in “human research methodology”: The researcher in mixed methods research. *Journal of Mixed Methods Research*, 4(4), 321-335.
<https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/1558689810382532>
- Tongco, D. C. (2007) Purposive sampling as a tool for informant selection. *A Journal of Plants, People and Applied Reserch*, 1(1), 147-158.
<https://scholarspace.manoa.hawaii.edu/server/api/core/bitstreams/5bdc92a7-99fe-4134-aaeb-6d0970562559/content>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir. (2010, 31. desember). Komið til móts við fjölbreytileika: Fullorðinsfræðsla fyrir innflytjendur og samþætting. *Ráðstefnurit Netlu: Menntavísindasvið Háskóla Íslands*.
<https://skemman.is/bitstream/1946/7814/1/024.pdf>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Ólöf Garðarsdóttir. (2020). Becoming an Immigration country: The case of Iceland 1990 -2019. Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson (ritstj.). *Mobility and transnational Iceland* (bls. 23-39). Icelandic Research Fund.
 Mobility_09022021_TOTAL.pdf (opinvisindi.is)
- Unnur Dís Skaptadóttir og Wojtyńska, A. (2007). Líf á tveimur stöðum: Vinna eða heimili. Reynsla fólks sem komið hefur til starfa á Íslandi. *Ritið Tímarit Hugvísindastofnunar* 2007(1), 79-104.
<https://timarit.is/page/6205416#page/n79/mode/2up>
- Umana-Taylor, A. J. og Fine, M. A. (2004). Examining ethnic identity among Mexican-origin adolescents living in the United States. *Hispanic Journal of Behavioral Sciences*, 26(1), 36-59.
<https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/0739986303262143>
- Valgeir Skagfjörð (2022). *Ísland – Atvinnuhættir og menning 2020*. Sagaz ehf.
https://isat.is/wp-content/uploads/2023/12/ISAT_2020_1.pdf

Vífill Karlsson. (2022, ágúst). Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði í Covid-kreppu. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi*.
<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/BRS/innflytjendur-vinnumarkadur-covid-skyrsla.pdf>

Vísir. (1942, 20. mars). Nýtt tímarit hefur göngu sína. *Visir*, 44(1).
Vísir - 44. tölublað (20.03.1942) - Tímarit.is

Vilmundur Hansen. (2018, 14 desember). Þýsku landnemarnir á Íslandi. *Bændablaðið*.
<https://www.bbl.is/frettir/thysku-landnemarnir-a-islandi>

Þóroddur Bjarnason et al. (2022). *Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi*. Háskólaútgáfan.

Þóra H. Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir. (2020). „When you are a Professional”: Highly skilled immigrants experiences of the tension between avowed and ascribed identity. Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson (ritstj.), *Mobility and transnational Iceland* (bls. 53-71). Icelandic Research Fund.
[https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2333/Mobility_09022021_TOT](https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2333/Mobility_09022021_TOTAL.pdf?sequenc=)
[AL.pdf?sequenc=](https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2333/Mobility_09022021_TOTAL.pdf?sequenc=)

Lög:

Alþingi. (2012). *Lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda*.
116/2012: Lög um málefni innflytjenda | Lög | Alþingi (althingi.is)

Alþingi (2021-2022). *Þskj, 1364, lög 29/152*.
<https://www.althingi.is/altext/152/s/1364.html>

Myndaskrá

Mynd 1. Angelini o.fl. (2015). Life satisfaction of immigrants: Does cultural assimilation matter? *Journal of Population Economics*, 28, 817-844.
<https://doi.org/10.1007/s00148-015-0552-1>

Töfluskrá

Tafla 1. Kyn svarenda spurningarkönnunar	24
Tafla 2. Hjúskapastaða svarenda spurningarkönnunar.....	25
Tafla 3 yfirlit yfir viðmælendur, aldur, kyn og búsetutíma.	25
Tafla 4. Aldursbili þátttakenda.	27
Tafla 5. Búseta í sveitarfélaginu.	28
Tafla 6. Hversu lengi telur þú að þú munir dvelja á Íslandi?	31
Tafla 7. Viltu setjast að í sveitarfélaginu?	32
Tafla 8. Að meðaltali, hve oft heimsækir þú menningarstofnanir í Sveitarfélaginu Hornafirði á mánuði?	32
Tafla 9. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með aðgengi að menningarviðburðum og félagastarfi í Sveitarfélaginu Hornafirði?	33
Tafla 10. Finnst þér þú eiga alltaf eða aldrei eiga kost á því að taka þátt í menningarstarfsemi eins og list-, íþrótt-, eða félagsviðburðum í Sveitarfélaginu Hornafirði?	33
Tafla 11. Myndir þú vilja taka ferkari þátt í íþrótt-, félags- eða menningarstarfsemi í Sveitarfélaginu Hornafirði?	34
Tafla 12. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum: Félagasamtök eins og íþróttafélög, leiklistarfélag eða kórar geta gert betur í menningarmálum innflytjenda í Sveitarfélaginu Hornafirði?	34
Tafla 13. Geta menningarstofnanir gætu gert betur menningarmálum innflytjenda í Sveitarfélaginu Hornafirði?	35
Tafla 14. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með úrval menningarviðburða í Sveitarfélaginu Hornafirði?	35
Tafla 15. Hversu mikil eða lítil menningarleg blöndun þykir þér eiga sér stað í Sveitarfélaginu Hornafirði?	36
Tafla 16. Tekur þú meira eftir menningu eins hóps innflytjenda en annars í Sveitarfélaginu Hornafirði?	36
Tafla 17. Hefur þú / barnið þitt sótt menningar-, íþrótt- eða félagastarf ætlað börnum í Sveitarfélaginu Hornafirði síðastliðið ár?	37
Tafla 18. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með menningarstarf ætlað börnum í Sveitarfélaginu Hornafirði?	37
Tafla 19. Hversu sátt/ur eða ósáttur ertu með íþróttastarf ætlað börnum?	38

Tafla 20. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með félagastarf ætlað börnum?	38
Tafla 21. Hversu oft hefur þú sótt íslenskunámskeið?	39
Tafla 22. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með aðgengi að tungumálanámi í Sveitarfélaginu Hornafirði?	39
Tafla 23. Hversu sammála eða ósammála ertu þessari fullyrðingu: Útlendingar sem koma til að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði verða að taka upp siði og venjur íbúa sveitarfélagsins?	40
Tafla 24. Telur þú að íslenska sé lykillinn að menningaraðgengi / þátttöku í Sveitarfélaginu Hornafirði?	40
Tafla 25. Ef sömu atvinnu, skóla og félagsleg úrræði væru til boða. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú myndir flytja í annað sveitarfélag ef menningarstarfsemi þar væri meiri?	41
Tafla 26. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði?	41
Tafla 27. Hefur aðgengi að menningu áhrif á ákvörðun þína um að setjast að í Sveitarfélaginu Hornafirði?	42
Tafla 28. Hvaða miklu eða litlu hlutverki gegnir menning í ákvörðun þinni?	42

Viðauki

Spurningar í megindegri rannsókn.

Rannsókn á stöðu menningar í Sveitarfélaginu Hornafirði

Ágæti þátttakandi.

Þessi spurningakönnun er lögð fram til rannsóknar á menningu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Tilgangur rannsóknarinnar er að meta hvort menning geti haft áhrif á búsetutíma innflytjenda í sveitarfélaginu og hvort menning geti stuðlað að lengri veru þeirra í sveitarfélaginu. Í könnuninni er menning séð í víðu samhengi og þar undir falla til dæmis viðburðir, sýningar, félagsþátttaka, íþróttir, list og samkomur. Niðurstöður rannsóknarinnar verða nýttar í mastersritgerð mína en ég er nemandi við Háskólann á Bifröst og starfa sem forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Leiðbeinandinn minn er Lara Hoffmann og er hún nýdoktor hjá Háskóla Íslands. Þessi könnun er valfrjálss en hvatt er til þátttöku og er hún vel metin. Svarendum er ekki skylt að svara einstökum spurningum eða spurningalistanum í heild sinni og er einnig frjálst að hætta við að svara hvenær sem er í ferlinu. Fullri nafnleynd er heitið, spurningarnar eru órekjanlegar og svörin ekki persónugreinanleg.

Spurningalistinn er allt að 42 spurningar og tekur undir 10 mínútur að svara. Rannsakandi má hafa samband við í póstfangið eyruna22bifrost.is ef upp koma spurningar varðandi rannsóknina.

Með fyrir fram þökkum fyrir þátttökuna.
Eyrún Helga Ævarsdóttir.

Athugið að merkja aðeins við einn svarmöguleika í eftirfarandi spurningum nema annað sé tekið fram.

Bakgrunnsupplýsingar

Nauðsynlegt er að svara spurningum 1-9. *

1. Hvað ertu gömul/gamall?

19 ára eða yngri

20 til 24 ára

25 til 29 ára

30 til 34 ára

35 til 39 ára

40 ára eða eldri

2. Hvaða kyn ertu?

Karl

Kona

Annað

3. Hver er hjúskaparstaða þín?

Einstæð/ur

Gift/ur

Í sambúð

Annað

4. Hversu lengi hefur þú búið á Íslandi?

Ég hef ekki búið annarsstaðar

1 til 2 ár

3 til 5 ár

6 til 10 ár

11 til 20 ár

Meira en 20 ár

5. Hversu lengi telur þú að þú munir dvelja á Íslandi?

1 Sumar

1 ár

2 ár

3 ár

4 ár

Lengur en 5 ár

6. Hefur þú sótt Íslenskunámskeið?

Já

Nei

7. Vilt þú setjast að í Sveitarfélaginu Hornafirði til frambúðar?

Já

Nei

Veit ekki

8.

Hefur aðgengi að menningu áhrif á ákvörðun þína um að setjast að í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Aðgengi þýðir að viðburðurinn er aðgengilegur öllum mögulegum þátttakendum með tilliti til þátttöku eða aðstæðna.

Já

Nei

9. Hvaða miklu eða litlu hlutverki gegnir menning í ákvörðun þinni?

Mjög miklu

Miklu

Hvorki/né

Litlu

Mjög litlu

Menningarsókn

10. Að meðaltali, hve oft heimsækir þú menningarstofnanir í Sveitarfélaginu Hornafirði á mánuði?

Hér er átt við t.d. listasafn, bókasafn eða íþróttamiðstöð.

Aldrei

1 sinni

2 sinnum

3 sinnum

4 sinnum

Oftar

11. Finnst þér menning í Sveitarfélaginu Hornafirði þér aðgengileg?

Með aðgengi er átt við að viðburðinn sé aðgengilegur öllum mögulegum þátttakendum hvort sem litið er til þátttöku eða aðstæðna.

Já

Nei

12. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með aðgengi að menningarviðburðum og félagastarfi í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Með aðgengi er átt við að viðburðinn sé aðgengilegur öllum mögulegum þátttakendum hvort sem litið er til þátttöku eða aðstæðna.

Mjög sátt/ur Frekar sátt/ur Hvorki né Frekar ósátt/ur Mjög ósáttur

13. Finnst þér þú eiga alltaf eða aldrei eiga kost á því að taka þátt í menningarstarfsemi eins og list-, íþrótt-, eða félagsviðburðum í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Alltaf Oft Stundum Sjaldan Aldrei

14. Myndir þú vilja taka ferkari þátt í íþrótt-, félags- eða menningarstarfsemi í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Já

Nei

15. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum:

Félagasamtök eins og íþróttafélög, leiklistarfélag eða kórar geta gert betur í menningarmálum innflytjenda í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Mjög sammála Frekar sammála Hvorki / né Frekar ósammála Mjög ósammála

16. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum:

Menningarstofnanir í Sveitarfélaginu Hornafirði geta gert betur í menningarmálum innflytjenda?

Mjög sammála Frekar sammála Hvorki / né Frekar ósammála Mjög ósammála

17. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með úrval menningarviðburða í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Mjög sátt/ur Frekar sátt/ur Hvorki né Frekar ósátt/ur Mjög ósáttur

18. Hvar heyrir þú af viðburðum sem þú sækir í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Hér má merkja við fleiri en einn möguleika.

Samfélag miðlum

Í vefpósti

Fjölskyldu eða vinum

Á upplýsingartöflu

Annað

19. Ert þú virkur þátttakandi í starfi einhverra af eftirtöldum, félögum, klúbbum eða samtökum í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Hér má merkja við fleiri en einn möguleika.

Íþróttafélagi

Klúbbastarfi

Ungmannafélagi

Kór

Kvenfélagi

Björgunarsveit

Góðgerðarfélagi (Kiwanis, Lions)

Stjórnmalaflokk

Annað?

20. Ef sömu atvinnu, skóla og félagsleg úrræði væru til boða. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú myndir flytja í annað sveitarfélag ef menningarstarfsemi þar væri meiri?

Með menningarstarfsemi er átt við þátttöku í lista-, íþrótt eða félagastarfsemi og með félagslegum úrræðum er átt við grunnþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði og heilsugæslu.

Mjög líklegt Líklegt Kannski Ólíklegt Mjög ólíklegt

Félagsleg blöndun

21. Hversu mikil eða lítil menningarleg blöndun þykir þér eigi sér stað í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Með menningarlegri blöndun er átt við þar sem fjölmennung er til staðar og menning margra þjóða vinnur saman.

Mjög mikil Mikil Hvorki/ Né Lítil Mjög lítil

22. Ekur þú meira eftir menningu eins hóps innflytjenda en annars í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Hér er átt við menningu sem er einkennandi fyrir hóp einstaklinga sem eru af sama þjóðerni, trú, eða kynþætti.

Ef já, geturðu nefnt dæmi í spurningu 23?

Já

Nei

23. Dæmi:

Einkenni fyrir hóp einstaklinga sem eru af sama þjóðerni, trú, eða kynþætti.

24. Hefur þú einhvern tímann boðið íslenskum vinum heim til þín?

Oft Nokkrum sinnum Einu sinni eða tvisvar Aldrei

25. Hefur þér verið boðið af íslenskum vinum í heimsókn til þeirra?

Oft Nokkrum sinnum Einu sinni eða tvisvar Aldrei

26. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Mjög sátt/ur Frekar sátt/ur Hvorki né Frekar ósátt/ur Mjög ósáttur

Börn í samfélaginu

27. Átt þú börn?

Já

Nei

28. Hefur þú kynnt þér menningar-, íþróttar eða félagastarf sem ætlað er börnum í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Til dæmis: Bókalestur á bókasafninu, listasmiðjum, íþróttir, kúbbar eða annað

Já

Nei

29. Hefur þú / barnið þitt sótt menningar-, íþróttar- eða félagastarf ætlað börnum í Sveitarfélaginu Hornafirði síðastliðið ár?

Já

Nei

30. Hvaða starfsemi hefur barnið þitt sótt?

Hér má merkja við fleiri en einn möguleika.

Bókasafnið

Listasmiðja

Íþróttir

Sundlaug

Klúbbar

Annað?

31. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með menningarstarf ætlað börnum í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Mjög sátt/ur Frekar sátt/ur Hvorki né Frekar ósátt/ur Mjög ósáttur

32. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með félagastarf ætlað börnum?

Mjög sátt/ur Frekar sátt/ur Hvorki né Frekar ósátt/ur Mjög ósáttur

33. Hversu sátt/ur eða ósáttur ertu með íþróttastarf ætlað börnum?

Mjög sátt/ur Frekar sátt/ur Hvorki né Frekar ósátt/ur Mjög ósáttur

Færni í íslensku

34. Hvert er menntunarstig þitt?

Grunnskóli

Menntaskóli

Háskóli

Framhaldsskóli

35. Hversu oft hefur þú sótt íslenskunámskeið?

Aldrei

1 sinni

2 sinni

3 sinni

Oftar

36. Hvar sóttir þú námskeiðið?

37. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ertu með aðgengi að tungumálanámi í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Mjög sátt/ur Frekar sátt/ur Hvorki né Frekar ósátt/ur Mjög ósáttur

38. Finnst þér námskeiðin hafa hjálpað þér að skilja íslensku?

Já

Nei

39. Hvernig myndir þú lýsa færni þinni í þessum tungumálum?

Tala það ekki Frekar slök Hvorki góð né slök Frekar góð Altalandi

Íslenska

Enska

40. Hversu sammála eða ósammála ertu þessari fullyrðingu:

Útlendingar sem koma til að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði verða að læra Íslensku?

Mjög sammála Frekar sammála Hvorki/ né Frekar ósammála Mjög ósammála

41. Hversu sammála eða ósammála ertu þessari fullyrðingu:

Útlendingar sem koma til að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði verða að taka upp siði og venjur þeirra sem búa hér?

Mjög sammála Frekar sammála Hvorki/ né Frekar ósammála Mjög ósammála

42. Telur þú að íslenska sé lykillinn að menningaraðgengi / þátttöku í Sveitarfélaginu Hornafirði?

Já

Nei

Spurningar í egindlegri rannsókn.

Bakgrunnsupplýsingar

1. Hvað ertu gömul/gamall?
2. Hvað Kyn?
3. Hvaðan ertu?
4. Fjölskylda?
5. Hve lengi hefur þú búið á Íslandi?
6. Að meðaltali hve oft heimsækir þú menningarstofnanir í sveitarfélaginu á mánuði?
7. Telur þú menningarstofnanir þér aðgengilega?
8. Hve legni telur þú að þu munir dvelja á Íslandi?

Menning

9. Tekur þú þátt í menningarstarfsemi í sveitarfélaginu?
10. Hefur þú sótt viðburði eða félagastarf sl. ári og hvað voru einhverjir af þeim með fjölmenningu í huga ?
11. Eru menningarviðburðir eða félagastarf sem þú hefur sótt sem þér þykir fjölmenningslegir og mætti gera meira úr?
12. Hvað finnst þér um menningu innflytjenda í sveitarfélaginu?
13. Hvað finnst þér mega gera betur þegar horft er til menningar innflytjenda?
14. Telur þú að menning getu verið nýtt til að lengja viðveru innflytjenda í sveitarfélaginu?
15. Ef svo hvernig ?
16. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að menning hafi áhrif á viðveru þína í sveitarfélaginu?
17. Ef sömu atvinnu, skóla og félagsleg úrræði væru til boð. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú myndir flytja í annað sveitarfélag ef menningarstarfsemi þar væri meiri?

18. Telur þú að stjórnsýslan eða félagshópar gætu gert betur í menningarmálum innflytjenda og heldur þú að það myndi lengja búsetutíma innflytjenda í sveitarfélaginu.
19. Hvaða þætti mætti einblína á?
20. Hvaða menningarstarfsemi finnst þér skara fram úr í viðleitni á að ná til innflytjenda og hvað er það sem þú tekur eftir í því starfi?
21. Finnst þér þú eiga kost á því að taka þátt í menningarstarfsemi eins og list-, íþrótt-, eða félagsviðburðum í sveitarfélaginu?
22. Myndir þú vilja taka ferkari þátt í menningarsköpun í sveitarfélaginu?
23. Hve sátt/ur ertu að aðgengi þitt að menningarviðburðum, íþrótt- eða félagastarfi í sveitarfélaginu?
24. Hve sátt/ur eða ósátt/ur ertu með félagastarf í sveitarfélaginu ef litið er til fjölmennningar?
25. Hve sátt/ur eða ósátt/ur ertu með fjölmenningarstarf menningarstofnanna í sveitarfélaginu?
26. Hve sátt/ur eða ósátt/ur ertu með menningarstarf ætlað börnum
27. Hve sátt/ur eða ósátt/ur ertu með íþrótt- eða félagastarf ætlað börnum?

Færni í íslensku

28. Hefur þú sótt íslenskunámskeið?
29. Ef já, hve oft?
30. Hversu mikla íslensku talar þú?
31. Telur þú að íslenska sé lykillinn að menningarsókn í sveitarfélaginu?

1 Upplýst samþykki fyrir þátttöku í menningarrannsókn

Rannsakandi: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Símanúmer: 8966774

Tilgangur rannsóknarinnar

Þessi rannsókn hefur það að markmiði að kanna viðhorf til menningarlegra viðburða í þínu samfélagi.

Þátttaka í rannsókninni

Þátttaka í þessari rannsókn felur í sér að svara spurningalista sem tekur um það bil 50 mínútur að ljúka. Þátttaka er algjörlega valfrjáls og þú getur hætt þátttöku hvenær sem er án þess að gefa ástæðu.

Trúnaður og nafnleynd

Allar upplýsingar sem þú veitir verða meðhöndlaðar með fullum trúnaði. Engar persónugreinanlegar upplýsingar verða tengdar við svör þín og niðurstöður verða kynntar á almennan hátt þannig að ekki sé hægt að rekja þær til einstakra þátttakenda.

Ávinningur og áhætta

Það er engin sérstök áhætta tengd þátttöku í þessari rannsókn. Þótt það sé enginn beinn fjárhagslegur ávinningur fyrir þátttakendur, þá mun rannsóknin auka skilning á menningu í samfélaginu sem gæti haft jákvæð áhrif á menningarsókn og viðveru innflytjenda í framtíðinni.

Samþykki

Með því að undirrita þetta samþykki gefur þú samþykki þitt fyrir þátttöku í þessari rannsókn. Þú staðfestir að þú hafir lesið og skilið upplýsingarnar sem gefnar hafa verið hér að ofan og hefur fengið tækifæri til að spyrja spurninga.

Ég, undirritaður/undirrituð, [fullt nafn þátttakanda], hef lesið upplýsingarnar sem gefnar hafa verið og samþykki að taka þátt í þessari rannsókn.

Nafn: _____

Dagsetning: _____

Undirskrift: _____

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi rannsóknina, ekki hika við að hafa samband við mig á eyruna22@bifröst.is eða 8966774.

